



PERSÓNU  
VERND

# ÁRSSKÝRSLA 2021



# ÁRSSKÝRSLA 2021



---

# EFNISYFIRLIT

---

<b>FORMÁLI FORSTJÓRA</b> .....	<b>4</b>
<b>HLUTVERK PERSÓNUVERNDAR</b> .....	<b>6</b>
<b>FJÁRREIÐUR PERSÓNUVERNDAR</b> .....	<b>8</b>
<b>SKIPULAG PERSÓNUVERNDAR</b> .....	<b>9</b>
<b>PERSÓNUVERND Í TÖLUM</b> .....	<b>12</b>
<b>ÁRIÐ Í HNOTSKURN</b> .....	<b>14</b>
<b>OPNUN STARFSSTÖÐVAR</b>	
<b>PERSÓNUVERNDAR Á HÚSAVÍK</b> .....	<b>21</b>
<b>NOKKUR AF HELSTU VIÐFANGSEFNUM</b>	
<b>PERSÓNUVERNDAR 2021</b> .....	<b>22</b>
<b>AUKNING Í VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA</b>	
<b>MEÐ RAFRÆNNI VÖKTUN</b> .....	<b>25</b>
<b>ÁKVARÐANIR PERSÓNUVERNDAR 2021</b> .....	<b>26</b>
<b>ÚRSKURÐIR PERSÓNUVERNDAR 2021</b> .....	<b>32</b>
<b>ÁLIT OG UMSAGNIR PERSÓNUVERNDAR 2021</b> .....	<b>45</b>
<b>ERLENT SAMSTARF</b> .....	<b>46</b>

„Ég mun ekki hafa „beina útsendingu“ úr kennslustund. Ástæðan er margþætt en þyngst vegur sú ábyrgð sem ég ber á því að skapa nemendum öruggt rými til að þroska skoðanir sínar, tjá sig og vera almennt í skjóli fyrir því sem er utan kennslustofunnar. Þetta get ég ekki gert ef kennslustundin er opin á netinu.“

Haldóra Björt Ewen, framhaldsskólakennari í Reykjavík.



Helga Þórisdóttir,  
forstjóri Persónuverndar

# FORMÁLI FORSTJÓRA

## HVERNIG HEIMI VILJUM VIÐ LIFA Í?

Árið 2021 er fjórða árið sem rennur sitt skeið síðan ný persónuverndarlöggjöf tók gildi. Sú löggjöf byggði á annarri eldri frá árinu 2000. Á þessum tíma hefur þekking á grundvallarreglum um persónuvernd og friðhelgi einkalífs aukist umtalsvert.

Nær allt í heiminum í dag varðar með einhverjum hætti meðhöndlun persónuupplýsinga - hvort sem um er að ræða heilsu okkar, vinnustaðinn eða snjalltengda heimilið. Við stöndum á barmi meiri samfélagslegra breytinga en nokkru sinni hafa orðið í iðnvæddum samfélögum.

Við búum í umhverfi þar sem unnt er að rýna um 52.000 mismunandi mannlega eiginleika til þess að skipta fólki í flokka eftir áhugamálum, venjum eða persónuleika. Við búum í umhverfi þar sem blæbrigði raddarinnar eru nýtt til að finna út hvort um lærdan mann sé að ræða eða ekki - hvort viðkomandi beiti gagnrýnni hugsun eða hvort hann stundi virka hlustun. Við búum í umhverfi þar sem innsláttur á lykilorð tölvu getur gefið vísbendingar um sjálfsöryggi, kvíða, deþurð og þreytu<sup>1</sup> og við búum í umhverfi þar sem staðsetningarupplýsingar okkar í smáforritum eru sífellt uppfærðar - jafnvel nokkrum sinnum á mínútu<sup>2</sup>. Við búum í umhverfi þar sem fyrirtæki og eftir atvikum aðrir vilja mæla okkur og meta, bæði sem neytendur og starfsmenn, og vilja fylgjast með svefni okkar og vöku, andardrætti og hrotum. Og við búum í umhverfi þar sem leit á Netinu getur

gert okkur að viðfangsefni vísindarannsóknar. Því er spurningin orðin knýjandi: Í hvernig heimi viljum við lifa?

Allar þessar upplýsingar þarf að umgangast af virðingu.

Hjá Persónuvernd ríkir sterkur vilji til þess að öll möguleg framþróun tækni og samfélags geti átt sér stað með ábyrgri vinnslu persónuupplýsinga. Til þess að ná því markmiði er brýnt að almenningur sé vel upplýstur um það hvernig persónuupplýsingar eru notaðar og um það hvað er leyfilegt og hvað ekki. Persónuvernd er til staðar fyrir þá sem vilja vinna með persónuupplýsingar og leitast við að taka það samtal sem þarf til að tryggja rétta vinnslu persónuupplýsinga.

## ALDREI FLEIRI MÁL AFGREIDD

Þrátt fyrir miklar samfélagslegar takmarkanir á árinu tókst að ljúka mörgum stórum málum hjá Persónuvernd. Nýskráð mál á árinu voru 2.479. Við þessa tölu bættust óafgreidd mál frá fyrri árum og heildarfjöldi mála til meðferðar hjá Persónuvernd árið 2021 var því 3.061. Á árinu lauk Persónuvernd 2.587 málum - fleirum en nokkru sinni áður - en opin og óafgreidd mál við árslok 2021 voru 571 talsins.

## HELSTU VIÐFANGSEFNI PERSÓNUVERNDAR Á ÁRINU

Heilbrigðisupplýsingar og Covid-19  
Ef litið er yfir þau mál sem voru fyrirferðarmest

Í starfsemi Persónuverndar á árinu má sjá að mál tengd vinnslu heilbrigðisupplýsinga voru áberandi og þá ekki síst mál tengd heimsfaraldri Covid-19. Persónuvernd átti gott samstarf við önnur stjórnvöld og veitti ýmiss konar ráðgjöf vegna viðbragða við faraldrinum, svo sem fyrirframsamráð vegna uppfærðrar útgáfu á smáforritinu Rakning C-19 og ráðgjöf vegna samkeyrslu gagna vegna bólusetningar barna. Þá voru þrjár ákvarðanir teknar í málum sem snertu starfsemi sóttvarnalæknis, Landspítala og Íslenskrar erfðagreiningar og tengdust þær allar vinnslu upplýsinga um faraldurinn.

Vinnsla heilbrigðisupplýsinga er ávallt stór þáttur í starfsemi Persónuverndar og á árinu voru fjölmörg önnur slík mál til afgreiðslu, ótengd faraldrinum. Þar má nefna álit á flutningi lífsýna vegna krabbameinsskimana til Danmerkur og á ráðstöfun lífsýnasafns Krabbameinsfélags Íslands vegna flutnings krabbameinsskimana frá félaginu til heilsugæslunnar. Þá var gefið út álit á miðlun heilsufarsupplýsinga frá embætti landlæknis og Sjúkratryggingum Íslands til heilbrigðisráðuneytis í tengslum við fjármögnunarkerfi.

## PERSÓNUUPPLÝSINGAR BARNNA

Málefni barna voru áfram í forgrunni hjá Persónuvernd og var fræðslubæklingurinn „Spurðu áður en þú sendir“ til að mynda sendur í alla grunnskóla landsins. Gefnar voru út leiðbeiningar til íþróttafélaga, tómstunda- og æskulýðsfélaga og annarra sem vinna með börnum. Þá má nefna ákvörðun um álagningu sektar vegna skorts á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga í Mentor-kerfinu, sem notað er í grunnskólum, og frumkvæðisathugun á notkun nemendakerfisins Seesaw í grunnskólum Reykjavíkur, sem leiddi í ljós margvísleg brot á persónuverndarlöggjöfinni. Einnig hafði Persónuvernd til meðferðar mál tengd rafrænni vöktun með börnum, svo sem úrskurð og sektarálagningu vegna rafrænnar vöktunar í Ísbúð Huppu, þar sem starfsmenn undir lögaldri voru vaktaðir.

## STJÓRNVÖLD

Persónuvernd hefur leitast við að eiga gott samstarf við ráðuneyti, stofnanir og aðra aðila um vinnslu persónuupplýsinga og má sem dæmi nefna reglulega fundi með embætti landlæknis, Stafrænu Íslandi og samráðshóp um vernd einstaklinga í tengslum við kosningar. Þá hefur stofnunin tekið þátt í margskonar samstarfi á innlendum og erlendum vettvangi, svo sem í Netöryggisráði og Evrópska persónuverndarráðinu og sérfræðingahópum á þess vegum. Einnig veitti Persónuvernd fjölmargar umsagnir á árinu, sem sumar voru mjög ítarlegar. Má þar nefna umsögn vegna breytinga á lögum um fjármál stjórnmalasamtaka, um stefnu Íslands

um gervigreind, frumvarp til laga um stafrænt pósthólf og frumvörp tengd áformum félags- og barnamálaráðherra um samþættingu þjónustu í þágu velferðar barna.

Af öðrum málum tengdum stjórnvöldum má nefna frumkvæðisathugun á notkun lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á samfélagsmiðlinum Facebook og álit á birtingu hluthafalista á vef Skattsins. Þá tók Persónuvernd ákvörðun um að leggja stjórnvaldssekt á atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og fyrirtækið YAY ehf. vegna vinnslu persónuupplýsinga í smáforritinu Ferðagjöf, sem ekki uppfyllti kröfur persónuverndarlöggjafarinnar.

## INNRA STARF PERSÓNUVERNDAR

Í maí 2021 var opnuð ný starfsstöð Persónuverndar á Húsavík og er það í fyrsta skipti sem Persónuvernd opnar starfsstöð utan höfuðborgarsvæðisins. Uppsetning starfsstöðvarinnar fór fram í góðu samstarfi við embætti sýslumannsins á Norðurlandi eystra en útbúin hefur verið aðstaða fyrir starfsmenn Persónuverndar á aðalskrifstofu embættisins á Húsavík.

Á árinu fór fram heildaryfirferð á verklagi og verkferlum hjá Persónuvernd og öðrum innri málefnum vegna hinna miklu breytinga sem urðu á starfsumhverfi stofnunarinnar árið 2018. Leitast var við að einfalda og hraða málsmeðferð, þar sem verkefnaálag hjá stofnuninni hefur verið afar mikið undanfarin ár. Þá voru nýjar málsmeðferðarreglur Persónuverndar samþykktar og unnið að uppsetningu rafræns kvörtunareyðublaðs í samstarfi við Stafrænt Ísland, ásamt gerð nýrra stofnanasamninga.

## FJÁRMÁL PERSÓNUVERNDAR

Það hefur verið krefjandi undanfarin ár að reka stofnun þar sem inn koma mun fleiri mál en starfsmannafjöldinn ræður við. Þrátt fyrir samhentan hóp er lýjandi til lengdar að fleiri mál bíði við lok dags en við upphaf hans. Þá hefur opinber umræða um vinnustaðinn á tíðum verið hörð og óvæginn.

Þegar þetta er ritað liggur fyrir Alþingi fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027, sem gerir ráð fyrir auknu fjármagni Persónuvernd til handa. Vonir eru bundnar við að þessi viðbót hjálpi til við þau gríðarmiklu verkefni sem bíða úrlausnar. Jafnframt er ljóst að hlúa þarf enn betur að fræðslu um persónuvernd til þess að auka þekkingu og skilning á þeim reglum sem helst geta hjálpað ef að okkur er vegið á tækniöld.




# HLUTVERK PERSÓNUVERNDAR

## MEGINHLUTVERK OG VERKEFNI PERSÓNUVERNDAR

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og verður ákvörðunum hennar, samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Markmið persónuverndarlaga er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.



**HLUTVERK PERSÓNUVERNDAR ER AÐ GÆTA HAGSMUNA  
ALMENNINGS ÞANNIG AÐ MANNRÉTTINDI SÉU EKKI BROTIN  
VIÐ MEÐFERÐ PERSÓNUUPPLÝSINGA.**

Þá eru Persónuvernd falin verkefni og vísað til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga í á annað hundrað lagabálkum og stjórnvaldsreglum.

## HELSTU ÞJÓNUSTUÞÆTTIR STOFNUNARINNAR ERU EFTIRFARANDI

(tölur eru miðaðar við árið 2021, sbr. ítarlegri umfjöllun aftar í skýrslunni):

- Fyrirspurnir, umsagnir og álit (876) (35,3%)**
- Mál vegna tilkynninga um öryggisbresti (147) (5,9%)**
- Mál vegna vísindarannsókna (527) (21,3%)**
- Erlent samstarf (201) (8,1%)**
- Kvartanir (135) (5,5%)**
- Annað**  
(þ.á m. smíði stjórnvaldsreglna, ábendingar, kynningar, námskeið, fyrirlestrar, innri mál, frumkvæðismál, leyfisumsóknir, veitt leyfi og úttektarmál) **(593) (23,9%)**



# FJÁRREIÐUR PERSÓNUVERNDARAR

Fjárveitingar til Persónuverndar námu á fjárlögum 2021 samtals 307 milljónum króna, tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára nam 2,6 milljónum og ýmsar tekjur voru 5,6 milljónir. Samtals var því ársvelta stofnunarinnar 315,2 milljónir. Rekstrarhagnaður frá árinu 2020 nam 0,6 milljónum og uppsafnaður hagnaður samtals 0,4 milljónum. Til ráðstöfunar á árinu voru því samtals 315,6 milljónir en gjöld stofnunarinnar námu alls 326,1 milljón. Tap ársins nam 10,9 milljónum króna og hrein eign var í lok árs neikvæð um 10,5 milljónir.

Um áramótin 2021-2022 voru 20 á launaskrá hjá Persónuvernd.

Skýrsla þessi, sem birt er samkvæmt 16. tölul. 4. mgr. 39. gr. laga nr. 90/2018 og 71. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, er tuttugasta og fyrsta ársskýrsla Persónuverndar.





---

# SKIPULAG PERSÓNUVERNDAR

---

## STJÓRN PERSÓNUVERNDAR 2021

### Aðalmenn

- Ólafur Garðarsson, hæstaréttarlögmaður, starfandi formaður stjórnar frá 1. desember 2020-30. júní 2021, skipaður formaður stjórnar frá 1. júlí 2021
- Björn Geirsson, forstöðumaður
- Vilhelmína Haraldsdóttir, læknir
- Þorvarður Kári Ólafsson, fagstjóri

### Varamenn

- Kristín Edwald, hæstaréttarlögmaður
- Sindri M. Stephensen, dósent
- Sveinn Magnússon, læknir
- Jónas Sturla Sverrisson, öryggisstjóri
- Vera Sveinbjörnsdóttir, lögfræðingur

### Forstjóri

- Helga Þórisdóttir, lögfræðingur

### Skrifstofa

- Helga Sigríður Þórhallsdóttir, sviðsstjóri eftirlits
- Valborg Steingrímsdóttir, sviðsstjóri öryggis og úttekta
- Vigdís Eva Línadal, sviðsstjóri erlends samstarfs og fræðslu, staðgengill forstjóra
- Þórður Sveinsson, yfirlögfræðingur

### Persónuvernd

Rauðarárstígur 10, 105 Reykjavík  
Sími 5109600  
[www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)  
[postur@personuvernd.is](mailto:postur@personuvernd.is)

### Á vefsíðu Persónuverndar er m.a. að finna:


- Algengar spurningar um persónuvernd og svör við þeim.
- Lög nr. 90/2018 ásamt reglum sem stofnunin hefur sett og ýmsar upplýsingar sem lúta að starfsemi hennar.
- Leiðbeiningar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir.
- Eyðublöð fyrir kvartanir og leyfisumsóknir.
- Hlekk á tilkynningargátt vegna öryggisbresta.
- Upplýsingar um símatíma lögfræðinga.

## NÝTT SKIPURIT PERSÓNUVERNDAR SAMÞYKKT

Nýtt skipurit Persónuverndar var samþykkt 15. september 2021, í þeim tilgangi að stofnunin geti tekist betur á við hlutverk sitt sem eftirlitsstjórnvald og til að efla vitund ábyrgðaraðila og vinnsluaðila um skyldur sínar. Breytingarnar fólust í því að aukin áhersla verður framvegis lögð á að Persónuvernd sinni lögbundnu frumkvæðiseftirliti og úttektum, auk þess sem á ný verður hjá stofnuninni staða yfirlögfræðings, sem hefur það hlutverk að tryggja gæði og samræmi í málsmeðferð og niðurstöðum mála.

Samkvæmt skipuriti Persónuverndar er um þrjú megin svið að ræða, auk kjarnastarfsemi, þ.e. eftirlit, öryggi og úttektir og erlent samstarf og fræðsla. Kjarnastarfsemi lýtur að starfi forstjóra, rekstri stofnunarinnar og skjalavörslu.

Þá hefur Persónuvernd nú skilgreint helstu málaflokka sem falla undir eftirlit stofnunarinnar. Þeir eru rafrænt eftirlit og vöktun, tækni og nýsköpun, samfélagsmiðlar og markaðssetning, rannsóknir og leyfi, heilbrigðismál, börn og viðkvæmir hópar, fjármál, réttindi einstaklinga, vottanir og hátternisreglur, reglusetning og lagaumhverfi, netöryggi, löggæsla, fjölmiðlun og stjórnsýsla dómstóla<sup>3</sup>.



3) Persónuvernd hefur eftirlit með þeirri vinnslu persónuupplýsinga hjá dómstólum sem fer fram þegar þeir fara ekki með dómvald sitt. Í mars árið 2022 féll dómur Evrópu dómstólsins í máli nr. C-245/20 sem kveður á um að vinnsla persónuupplýsinga framkvæmd af dómstólum í sambandi við upplýsingastefnu þeirra, varðandi mál sem þeir hafa til meðferðar, falli utan valdsviðs eftirlitsyfirlalda samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679. Með hliðsjón af þessari niðurstöðu er það mat Persónuverndar að birting dómstóla á dómúrlausnum á Netinu falli utan eftirlitsvalds stofnunarinnar.



# PERSÓNUVERND Í TÖLUM

Nýskráð mál  
**2.479**

Lokin mál<sup>4</sup>  
**2.587**

Kvartanir  
**136**

38

Vinnsla samrýmist lögum

20

Vinnsla samrýmist ekki lögum

78

Önnur lok

Mál vegna vísindarannsókna  
**543**

473

Afgreidd án athugasemda

48

Afgreidd með athugasemdum

7

Mál dregin til baka

10

Málum vísað frá vísindasiðanefnd

5

Mál afgreidd með öðrum hætti

Umsagnarbeiðnir um  
lög og reglur  
**58**

14

Afgreidd án athugasemda

41

Afgreidd með athugasemdum

2


Fellur ekki undir Persónuvernd

1

Náðist ekki að sinna:

4) Í einhverjum tilvikum fela tölur um lokin mál í sér mál sem voru skráð hjá Persónuvernd fyrir 2021 en var lokið á því ári. Jafnframt var ekki öllum þeim málum, sem voru skráð hjá stofnuninni 2021, lokið innan ársins.





# ÁRIÐ Í HNOTSKURN

## HELSTU VIÐBURÐIR TENGDIR STARFSEMI PERSÓNUVERNDAR 2021:

### 13. JANÚAR 2021

Opið málþing vísindasiðanefndar um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði á tímum Covid-19. Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, flytur erindi um helstu atriði sem hafa þarf í huga varðandi vinnslu á persónuupplýsingum í vísindarannsóknum og hvort heimsfaraldur skiptir þar máli eða ekki.

### 27. JANÚAR 2021

Persónuvernd auglýsir tvær lausar stöður á nýrri starfsstöð á Húsavík.

### 28. JANÚAR 2021

Alþjóðlegi persónuverndardagurinn. Forstjóri Persónuverndar ritar greinar í þrjá fréttamiðla auk þess sem birt er tölfræði yfir tilkynnta öryggisbresti árið 2020, fræðsla um öryggisbresti fyrir fyrirtæki og stjórnáslu er uppfærð sem og fræðsla um lánshæfismat og vanskilaskrá fyrir einstaklinga.

### 3. FEBRÚAR 2021

Persónuverndarstofnunin á Ítalíu stöðvar tímabundið vinnslu tiltekinna persónuupplýsinga hjá samfélagsmiðlinum TikTok vegna hugsanlegra brota á persónuverndarreglugerðinni.

### 8. FEBRÚAR 2021

Persónuvernd sendir bréf til Arion banka hf. vegna tilnefningar regluvarðar Arion banka hf. sem persónuverndarfulltrúa bankans. Engar athugasemdir voru gerðar.

### 9. FEBRÚAR 2021

Persónuvernd gefur út leiðbeiningar til íþróttafélaga, tómstunda- og æskulýðsfélaga og annarra aðila sem starfa með börnum um helstu atriði sem hafa ber í huga þegar unnið er með persónuupplýsingar barna.

### 18. FEBRÚAR 2021

Vegna fréttamfjöllunar um dróna hjá Fiskistofu áréttar Persónuvernd að stofnunin hefur hvorki samþykkt né tekið efnislega afstöðu til þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem getur falist í notkun þeirra.

### 19. FEBRÚAR 2021

106 sækja um tvær lausar stöður hjá Persónuvernd á nýrri starfsstöð stofnunarinnar á Húsavík.

### 25. FEBRÚAR 2021

Samtökum fjármálafyrirtækja eru veittar leiðbeiningar um vinnslu persónuupplýsinga barna vegna fyrirhugaðra Fjármálaleika 2021.

### 10. MARS 2021

Persónuvernd úrskurðar um að móttaka lögreglu á upplýsingum í gegnum Facebook samrýmist ekki lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi

### 12. MARS 2021

Persónuvernd sendir fræðsluefni um persónuvernd barna í alla grunnskóla landsins og hvetur kennara og skólafyrirvöld til að kynna efnið fyrir nemendum.

### 26. MARS 2021

Tveir starfsmenn eru ráðnir á nýja starfsstöð Persónuverndar á Húsavík.

### 6. APRÍL 2021

Upplýsingar um 31 þúsund Íslendinga eru birtar á umræðuvettvangi hakkara samkvæmt yfirlýsingu írsku persónuverndarstofnunarinnar. Umrædd gögn virtust koma frá Facebook.

### 8. APRÍL 2021

Vegna öryggisbrests hjá LinkedIn á Ítalíu eru notendur hvattir til að vera á varðbergi hvað varðar sínar persónuupplýsingar.

### 13. APRÍL 2021

Á fundi EDPB í apríl er m.a. rætt um að líta ætti á Bretland sem öruggt þriðja ríki þar sem löggjöf þess er í samræmi við evrópsku persónuverndarlöggjöfina. Einnig eru gefnar út leiðbeiningar um beitingu a- liðar 1. mgr. 65. gr. persónuverndarreglugerðarinnar og um notkun persónuupplýsinga til að ná til tiltekinna hópa á samfélagsmiðlum.

### 16. APRÍL 2021

Persónuvernd veitir embætti landlæknis ráðgjöf vegna Bluetooth-uppfærslu smitrakningarforrits.

### 19. APRÍL 2021

Persónuvernd gefur út leiðbeiningar um skráningu gesta á veitingastöðum vegna Covid-19.

### 29. APRÍL 2021

Persónuvernd sektar InfoMentor ehf. vegna öryggisbrests.

### 29. APRÍL 2021

Persónuvernd birtir ákvörðun um aðgengi hins skráða að upplýsingum um sig í Schengen-upplýsingakerfinu.

### 3. MAÍ 2021

Persónuvernd gefur út staðlaða skilmála í starfsleyfi til fjárhagsupplýsingastofu.

### 5. MAÍ 2021

Landlækni og sóttvarnalækni er veitt viðbótarleyfi til samkeyrslna vegna bólusetninga við COVID-19.

### 7. MAÍ 2021

Persónuvernd sendir bréf til stjórnálagasamtaka vegna kosninga til Alþingis 25. september 2021 varðandi notkun þeirra á samfélagsmiðlum og afmörkun markhópa. Leiðbeiningar og tillögur um notkun persónuupplýsinga á samfélagsmiðlum eru settar fram til að reyna að tryggja að farið sé að persónuverndarlögum.

### 12. MAÍ 2021

Persónuvernd veitir umsögn um frumvarp til laga um fjármál stjórnálagasamtaka og upplýsingaskyldu þeirra.

### 18. MAÍ 2021

Persónuvernd gefur út breytingu á þegar veittu leyfi vegna hringbólusetningar, þar sem vefþjónustur sem átti að nota við vinnsluna voru ekki tilbúnar.

### 19. MAÍ 2021

Á fundi EDPB í maí er m.a. samþykkt álit að drögum að háttænisreglum fyrir tölvuskýjamiðstöð Evrópu (CISPE). Einnig er gefin út yfirlýsing vegna löggjafar um gagnastjórnun og tilmæli vegna lögmæti varðveislu kreditkortaupplýsinga í þeim tilgangi að auðvelda framtíðarviðskipti.

### 21. MAÍ 2021

Persónuvernd gefur út nokkur hagnýt ráð varðandi streymi viðburða, m.a. í tengslum við fjöldatakmörkanir vegna Covid-19.

### 26. MAÍ 2021

Persónuvernd óskar upplýsinga frá dómstólum um birtingu persónugreinanlegra upplýsinga í dómsúrlausnum á Netinu.

### 10. JÚNÍ 2021

Persónuvernd afgreiðir erindi Creditinfo Lánstrausts hf. vegna nýs starfsleyfis til söfnunar og miðlunar upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust. Gerð var m.a. breyting á orðalagi þar sem eldra orðalag kallaði á óhóflegan fjölda bréfpóstsendinga auk þess sem frestur var veittur á gildistöku leyfisins.

### 15. JÚNÍ 2021

Birting upplýsinga um hlutafjareign einstaklinga á vef RSK telst ekki samrýmast persónuverndarlögum.

### 15. JÚNÍ 2021

Persónuvernd veitir álit um heimildir heilbrigðisráðuneytisins til öflunar upplýsinga frá undirstofnunum til tölfraeðiúrvinnslu. Niðurstaða Persónuverndar er að ekki megi sækja upplýsingar úr sjúkkrárum með breytum á borð við aldur sjúklinga og hvort þeir hafa fengið tiltekin lyf. Bent er á ráðstafanir sem gera má til að ná markmiðum ráðuneytisins án öflunar persónugreinanlegra upplýsinga.

### 15. JÚNÍ 2021

Lögð er 5.000.000 króna stjórnvaldssekt á Huppuís ehf. vegna rafrænnar vöktunar með ólögráða einstaklingum í einni af fimm ísbúðum fyrirtækisins.

### 21. JÚNÍ 2021

Evrópska persónuverndarráðið (EDPB) og Evrópska persónuverndarstofnunin (EDPS) samþykkja sameiginlegt álit um tillögur framkvæmdastjórnar ESB að nýrri reglugerð sem hefur það markmið að samræma reglur um gervigreind.

### 21. JÚNÍ 2021

Á 50. fundi Evrópska persónuverndarráðsins eru samþykkt tilmæli um flutning persónuupplýsinga til þriðju landa. Einnig er bréf sent stofnunum ESB um persónuverndarsjónarmið vegna mögulegrar upptöku á stafrænni Evru.

### 28. JÚNÍ 2021


Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir tvær jafngildisákvæðanir um að Bretland fullnægi kröfum um persónuvernd - önnur samkvæmt almennu persónuverndarreglugerðinni (GDPR) og hin samkvæmt tilskipun um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Nú er heimilt að flytja persónuupplýsingar frá Evrópusambandinu til Bretlands þar sem þær njóta jafngildrar verndar þar og í löndum ESB.

### 2. JÚLÍ 2021

Fjölmiðlanefnd, Fjarskiptastofa og netöryggissveitin (CERT-IS), landskjörstjórn og Persónuvernd stofna samráðshóp um vernd einstaklinga í aðdraganda kosninga. Meginmarkmið samráðshópsins er að tryggja að stjórnvöld fái viðeigandi upplýsingar um atriði sem gera þeim kleift að bregðast við hugsanlegum ógnum við framkvæmd kosninga, svo sem upplýsingaóreiðu, netöryggi eða þjóðaröryggi.

### 28. JÚLÍ 2021

EDPB tekur ákvörðun um hvernig eigi að túlka ákvæði persónuverndarreglugerðarinnar um gagnsæi og fræðslu í tengslum við drög írsku persónuverndarstofnunarinnar að ákvörðun í frumkvæðisathugun sinni á Whatsapp IE, en írsku stofnunin var forystustjórnvald í máli fyrirtækisins sem er með höfuðstöðvar sínar á Írlandi.





## 1. SEPTEMBER 2021

Persónuvernd sendir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu bréf í tilefni framlagningar skýrslu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um eignarhald 20 stærstu útgerðarféлага landsins. Í skýrslunni voru ýmsar rangfærslur sem Persónuvernd taldi ástæðu til að leiðrétta, meðal annars um efni ákvörðunar stofnunarinnar, dags. 15. júní 2021, um birtingu upplýsinga um hlutfjáreign einstaklinga á vef Skattsins.

## 2. SEPTEMBER 2021

Írsku persónuverndarstofnunin sektar WhatsApp um 225 milljónir evra þar sem fyrirtækið uppfyllti hvorki kröfur um gagnsæi né fræðslu til notenda vegna miðlunar persónuupplýsinga til annarra fyrirtækja í eigu Facebook.

## 9. SEPTEMBER 2021

Starfsstöð Persónuverndar á Húsavík er formlega opnuð. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómismálaráðherra og Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, opna starfsstöðina formlega og flytja ávörp ásamt Svavari Pálssyni, sýslumanni á Norðurlandi eystra.

## 15. SEPTEMBER 2021

Breytingar eru gerðar á skipuriti Persónuverndar. Framvegis er aukin áhersla lögð á að Persónuvernd sinni lögbundnu frumkvæðiseftirliti og úttektum, auk þess sem á ný verður til staða yfirlögfræðings hjá stofnuninni, sem hefur það hlutverk að tryggja gæði og samræmi í málsmeðferð og niðurstöðum mála.

## 17. SEPTEMBER 2021

Írsku og ítalska persónuverndarstofnunin gefa út yfirlýsingu í tengslum við nýjung á vegum Facebook, Facebook View. Um er að ræða svokölluð snjallsólgleraugu en hægt er að taka upp myndskopi eða myndir á gleraugunum með raddstýringu og birta á samfélagsmiðlum. Stofnanirnar lýstu yfir áhyggjum yfir aðferðinni, sem er notuð til að upplýsa þá sem sjást á myndsköpunum, og að ekki hafi verið framkvæmdar viðeigandi prófanir á því hvort ljósið sem kviknar á við upptöku sé nægilega áhrifarík leið við að upplýsa einstaklinga um að verið sé að mynda þá.

## 17. SEPTEMBER 2021

Persónuvernd gefur út fræðsluefni fyrir kjósendur og þá sem vinna með persónuupplýsingar í tengslum við kosningar.

## 23. SEPTEMBER 2021

Persónuvernd er í samskiptum við Facebook í tengslum við birtingu áminningar á samfélagsmiðlinum um kosningadag á Íslandi (e. Facebook Election Day Reminder). Persónuvernd

fær staðfest frá Facebook að eingöngu verði unnið með upplýsingar á borð við tímastimplun og aðrar tæknilegar upplýsingar svo að áminningin birtist á viðeigandi hátt auk lýðfræðilegra upplýsinga. Þá kemur fram af hálfu Facebook að áminningin birtist eingöngu þeim sem staðsettir eru á Íslandi og hafa aldur til að kjósa. Loks fullyrðir fyrirtækið að engar upplýsingar verði notaðar í markaðssetningartilgangi í tengslum við virkni áminningarinnar.

## 24. SEPTEMBER 2021

Norska persónuverndarstofnunin (Datatilsynet) birtir niðurstöður mats á áhrifum á persónuvernd sem stofnunin framkvæmdi á fyrirhugaðri notkun hennar á samfélagsmiðlinum Facebook. Til stóð að útbúa sérstaka síðu til að koma starfsemi stofnunarinnar á framfæri við almenning. Niðurstaða matsins er sú að Datatilsynet mun ekki nota Facebook til að hafa samskipti við almenning. Sú vinnsla persónuupplýsinga sem felst í að hafa sérstaka síðu á Facebook er talin fela í sér of mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga.

## 27. SEPTEMBER 2021

Evrópska persónuverndarráðið (e. EDPB) samþykkir álit á drögum framkvæmdastjórnar ESB um jafngildisákvörðun fyrir S-Kóreu. Í álitinu er annars vegar lögð áhersla á almenna þætti persónuverndarreglugerðarinnar og hins vegar á aðgengi opinberra yfirvalda að gögnum sem flutt eru frá EES til S-Kóreu.

## 30. SEPTEMBER 2021

Persónuvernd birtir í fyrsta skipti upplýsingar um fjölda frumkvæðisathugana og úttekta á vefsíðu og að hvaða tegundum ábyrgðaraðila þær lúta. Fyrirhugað er að birta þessar upplýsingar reglulega.

## 13. OKTÓBER 2021

Evrópska persónuverndarráðið gefur út leiðbeiningar um takmarkanir á réttindum hinna skráðu.

## 21. OKTÓBER 2021

Persónuvernd kemst að þeirri niðurstöðu að merkingar og fræðsla í strætisvögnum Strætó bs. hafi verið ófullnægjandi fyrir þá sem gengu inn um miðdyr vagnanna en að úr þessu hefði verið bætt rúmu ári síðar, á þann hátt að merkingar og fræðsla um rafræna vöktun í strætisvögnunum samrýmdust persónuverndarlögum.

## 3. NÓVEMBER 2021

Persónuvernd birtir umsögn sína um erindi Samtaka atvinnulífsins o.fl. til dómismálaráðherra um breytingar á persónuverndarlögum. Persónuvernd tekur undir sum atriði sem SA bentu á í erindi sínu en gerir jafnframt alvarlegar athugasemdir

við önnur atriði og áréttar t.d. að ekki sé rétt að gengið hafi verið lengra við innleiðingu reglugerðar (ESB) 2016/679 hérlandis en í öðrum löndum Evrópu. Við samningu frumvarps að íslensku persónuverndarlögunum hefði verið höfð hliðsjón af bæði norsku og dönsku frumvörpunum, sem síðar urðu að persónuverndarlögum þar í landi. Þá kannaðist Persónuvernd ekki við að stofnuninni hefðu borist óþarfa leyfisumsóknir frá fyrirtækjum og taldi að áhyggjur SA af því að „mörg fyrirtæki sækji um leyfi að óþörfu“ væru byggðar á misskilningi eða getgátum.

## 8. NÓVEMBER 2021

Persónuvernd setur fram stefnu úttekta og frumkvæðisathugana fyrir árið 2022 þar sem málum er forgangsraðað.

## 8. NÓVEMBER 2021

Nýjar reglur um málsmeðferð Persónuverndar eru birtar í Stjórnartíðindum. Þær geyma meðal annars almenn ákvæði um málsmeðferð við upphaf mála og rannsókn þeirra, auk sérreglna um málsmeðferð kvartana, frumkvæðisathugana og úttekta, afgreiðslu öryggisbresta og beiðna um fyrirframsamráð, svo og beitingu valdheimilda Persónuverndar.

## 18. NÓVEMBER 2021

Evrópska persónuverndarráðið samþykkir leiðbeiningar um samspil 3. gr. og V. kafla persónuverndarreglugerðarinnar um flutning persónuupplýsinga úr landi sem ætlað er að samræma þá túlkun sem lögð er í hugtakið „flutningur“. Lagt var upp með að þrjú viðmið yrðu uppfyllt til að vinnsla teldist til flutnings, þ.e. að sá sem flytti gögnin út félli undir gildissvið reglugerðarinnar vegna vinnslunnar, að hann sendi eða gerði persónuupplýsingar aðgengilegar aðila sem flytti gögnin inn, og að sá sem flytti gögnin inn væri í þriðja landi eða væri alþjóðleg stofnun. Ráðið gefur einnig út yfirlýsingu um stafræna þjónustupakka (e. digital services package) og gagnastefnu (e. Data Strategy) framkvæmdastjórnar ESB.

## 22. NÓVEMBER 2021

Persónuvernd veitir álit um heimildir Hagstofu Íslands til öflunar persónuupplýsinga vegna gerðar manntals 2021. Annars vegar laut álitinu að öflun upplýsinga frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins um tegund fötlunar og hins vegar frá Orkuveitu Reykjavíkur um raforkusölu til einstaklinga. Niðurstaða Persónuverndar var að upplýsingaöflunin væri heimil en minnt var á að gera þyrfti viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsinganna og gæta meðalhófs.

## 23. NÓVEMBER 2021

Persónuvernd leggur stjórnvaldssektir, annars vegar að fjárhæð 7.500.000 krónur á atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og hins vegar að fjárhæð 4.000.000 króna á fyrirtækið YAY ehf., vegna vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við ferðagjöf stjórnvalda. Nánar tiltekið voru sektirnar lagðar á vegna brota á grundvallarreglum persónuverndarlöggjafarinnar, til dæmis um fræðsluskyldu, gagnsæi og öryggi persónuupplýsinga í smáforritinu Ferðagjöf.

## 23. NÓVEMBER 2021

Persónuvernd lýkur þremur málum sem öll varða vinnslu heilbrigðisupplýsinga í tengslum við viðbrögð stjórnvalda við Covid-19. Um var að ræða ákvarðanir sem snerta starfsemi sóttvarnalæknis, Landspítala og Íslenskrar erfðagreiningar og samspil þessara aðila við vinnslu persónuupplýsinga á tímum heimsfaraldurs.

## 14. DESEMBER 2021

Persónuvernd bendir ábyrgðaraðilum á mögulega tilkynningaskyldu um öryggisbresti vegna öryggisveikleikans „Log4j“.

## 14. DESEMBER 2021

Evrópska persónuverndarráðið sendir frá sér yfirlýsingu um samvinnu innan ráðsins vegna vinnu við leiðbeiningar sem tryggja samræmda beitingu persónuverndarreglugerðarinnar.

## 15. DESEMBER 2021

Norska persónuverndarstofnunin, Datatilsynet, leggur stjórnvaldssekt að upphæð 6,5 milljónir evra (eða NOK 65.000.000) á fyrirtækið Grindr fyrir að veita þriðja aðila aðgang að gögnum notenda sinna í markaðssetningarskyni (e. behavioural advertisement) án samþykkis þeirra.

## 16. DESEMBER 2021

Persónuvernd leggur fyrir Reykjavíkurborg að loka reikningum skólabarna í Seesaw og sjá til þess að öllum persónuupplýsingum þeirra verði eytt úr kerfinu. Niðurstaða Persónuverndar byggist m.a. á því að persónuupplýsingar barna njóta sérstakrar verndar í persónuverndarlöggjöfinni auk þess sem litið er til þeirrar sérstöku stöðu sem börn eru í gagnvart skólum sínum og að óhjákvæmilegt megi teljast að viðkvæmar persónuupplýsingar og persónuupplýsingar viðkvæms eðlis séu skráðar í Seesaw-nemendakerfið, miðað við lýsingu Reykjavíkurborgar á notkun kerfisins.





Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þáverandi dómsmálaráðherra  
Svavar Pálsson, sýslumaður á Norðurlandi eystra  
Helga Þórisdóttir, forstjóri



---

# OPNUN STARFSSTÖÐVAR PERSÓNUVERNDAR Á HÚSAVÍK

---

Á fjárlögum 2021 var Persónuvernd veitt tímabundin fjárheimild til opnunar nýrrar starfsstöðvar á Húsavík. Í upphafi ársins voru því auglýstar tvær lausar stöður sérfræðinga, staðsettar á Húsavík. Var um að ræða eina stöðu lögfræðings og eina stöðu sérfræðings í þjónustuveri. Alls bárust 106 umsóknir um stöðurnar, 29 um stöðu lögfræðings og 77 um stöðu sérfræðings. Tveir starfsmenn voru í kjölfarið ráðnir og hófu þeir störf vorið 2021.

Vegna þeirra samfélagslegu takmarkana sem voru við líði fyrri hluta ársins 2021 var formlegri opnun frestað og fór hún fram 9. september 2021. Þær Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þáverandi dómsmálaráðherra, og Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, opnuðu starfsstöðina formlega og fluttu ávörp. Af því tilefni tók forstjóri Persónuverndar meðal annars fram að stofnunin hefði fundið fyrir miklum velvilja gagnvart verkefninu bæði í fjórðungnum sem og utan hans. Þannig væru vonir bundnar við að tryggja áframhaldandi fjármögnun verkefnisins, til hagsbóta fyrir bæði Persónuvernd og landsbyggðina. Dómsmálaráðherra sagði af sama tilefni að Persónuvernd væri nauðsynleg til að tryggja hagsmuni einstaklinga í lýðræðissamfélagi og að möguleikar tækninnar mættu ekki trompa rétt einstaklinga til friðhelgi einkalífsins.

Við framkvæmd verkefnisins var ákveðið að aðstaða fyrir starfsmenn Persónuverndar yrði í húsnæði embættis Sýslumannsins á Norðurlandi eystra og flutti Svavar Pálsson, Sýslumaður á Norðurlandi eystra, einnig ávarp. Í máli Svavars kom fram að þetta samstarf sýndi að krefjandi opinber störf, þar sem sérþekkingar og háskólamenntunar væri krafist, væri auðveldlega hægt að staðsetja á landsbyggðinni, þegar víðsýni og stafrænar lausnir færu saman.

# NOKKUR AF HELSTU VIÐFANGSEFNUM PERSÓNUVERNDAR 2021

- Mál tengd **heilbrigðisupplýsingum**
  - Álit um miðlun heilsufarsupplýsinga frá embætti landlæknis og Sjúkratryggingum Íslands til heilbrigðisráðuneytis í tengslum við fjármögnunarkerfi.
  - Ráðgjöf um samkeyrslu gagna við bólusetningu barna gegn Covid-19.
  - Þrjár ákvarðanir um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við viðbrögð stjórnvalda við Covid-19.
  - Fyrirframsamráð vegna uppfærðrar útgáfu á smáforritinu C-19.
  - Umsagnir til Vísindasiðanefndar vegna umsókna um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.
- **Birting persónuupplýsinga** á vefsíðu dómstóla
- Mál tengd **fjármálastofnunum**
  - Leiðbeiningar vegna breyttrar stöðu persónuverndarfulltrúa Arion banka hf.
- Mál tengd **fjármálum, lánshæfi og vanskilum**
  - Nýtt starfsleyfi til handa Creditinfo Lánstrausti.
  - Álit, kvartanir, fyrirspurnir, fyrirframsamráð.
- **Löggæslumál**
  - Ákvörðun um notkun lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á samfélagsmiðlinum Facebook.
  - Móttaka og úrvinnsla tilkynninga um öryggisbrestir
- **Málefni barna**
  - Ákvörðun um Mentor mál - sektarákvörðun.
  - Ákvörðun um notkun Seesaw í skólasterfi hjá Reykjavíkurborg.
  - Úrskurður vegna rafrænnar vöktunar í Ísbúð Huppu - sektarákvörðun.
  - Leiðbeiningar til SFF vegna fjármálaleika 2021.
  - Fyrirframsamráð vegna rafrænnar vöktunar við grunnskóla Reykjanesbæjar.
- **Fundir með ýmsum aðilum**
  - Reglulegir fundir með embætti landlæknis og Stafrænu Íslandi.
  - Reglulegir fundir samráðshóps um vernd einstaklinga í tengslum við kosningar.
  - Fundir með aðilum úr flestum geirum samfélagsins: ráðuneytum, stofnunum, háskólasamfélaginu, fyrirtækjum og frjálsum félagasamtökum.
- Ákvörðun um **vinnslu persónuupplýsinga** í smáforritinu Ferðagjöfin - sektarálagning
- **Fjarfundir** Evrópska persónuverndarráðsins, 1-2 í mánuði
- **Seta í vinnuhópum** og ráðum á vegum hins opinbera, svo sem Netöryggisráði
- **Ráðgjöf** til Stafræns Íslands vegna stafvæðingar hjá hinu opinbera
- **Eftirfylgnimál** vegna öryggis við sendingu vegabréfa frá Þjóðskrá Íslands
- Mál tengd **innri starfsemi** Persónuverndar
  - Málsmeðferðarreglur samþykktar formlega í fyrsta sinn.
  - Yfirferð allra innri ferla stofnunarinnar með það að leiðarljósi að einfalda og flýta málsmeðferð.
  - Vinna við nýtt kvörtunareyðublað í samstarfi við Stafrænt Ísland.
  - Stofnanasamningar og starfslýsingar.
  - Þátttaka í Grænum skrefum.

## HELSTU UMSAGNIR PERSÓNUVERNDAR 2021

- Umsókn um breytingu á leyfi Íslenskrar erfðagreiningar til stofnunar og starfrækslu lífsýnasafns
- Beiðni frá heilbrigðisráðuneyti um umsögn vegna safns heilbrigðisupplýsinga hjá Landspítala
- Umsagnir veittar ráðuneyti og Alþingi vegna svokallaðra barnafrumvarpa barna- og félagsmálaráðherra
- Umsögn vegna breytinga á lögum um fjármál stjórnmalasamtaka
- Umsögn um stefnu Íslands um gervigreind
- Umsögn um stafrænt pósthólf
- Umsögn um rafræna vöktun á höfnum og á vegum Fiskistofu

## HELSTU ÁLIT PERSÓNUVERNDARAR 2021

- Sóttvarnalæknir um ýmis atriði er tengjast Covid-19
- Miðlun bólusetningar- og mótefnavottorða frá heilsugæslu til lögreglu
- Heimildir Hagstofu til upplýsingaöflunar
- Flutningur lífsýna vegna krabbameinsskimana til Danmerkur
- Birting hluthafalista á vef Skattsins
- Ráðstöfun lífsýnasafns Krabbameinsfélags Íslands vegna flutnings krabbameinsskimana frá félaginu til heilsugæslunnar

## HELSTU FRUMKVÆÐISMÁL PERSÓNUVERNDARAR 2021

- Samfélagsmiðlanotkun lögreglu
- Ferðagjöf stjórnvalda
- Tímabundinn flutningur hluta starfsemi sýkla- og veirufæðideildar Landspítala í húsnæði Íslenskrar erfðagreiningar vegna greiningar sýna í tengslum við Covid-19
- Aðkoma embættis landlæknis og sóttvarnalæknis að skimunum Íslenskrar erfðagreiningar fyrir Covid-19 og mótefnum við veirunni
- Blóðsýnataka úr Covid-19-sjúklingum á Landspítalanum í þágu vísindarannsóknar á heilbrigðissviði
- Notkun Seesaw-kennsluforritsins í grunnskólum Reykjavíkur





---

# AUKNING Í VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA MEÐ RAFRÆNNI VÖKTUN

---

**Frambróun tækni samhliða framboði af ódýrum eftirlits- og vefmyndavélum síðastliðin ár hefur leitt til stóru aukinnar rafrænnar vöktunar einstaklinga með heimilum sínum, bæði innan þeirra sem utan.**

Á sama tíma hefur slíkum málum fjölgað mikið hjá Persónuvernd undanfarin ár og eru vísbendingar um að ekki sé fyrir hendi næg vitneskja um þær reglur sem um slíka vöktun gilda. Fyrirspurnir vegna rafrænnar vöktunar voru 62 talsins árið 2020 en 80 talsins árið 2021 og nemur aukningin tæpum 30% á milli ára. Þá var úrskurðað í einu máli er varðaði rafræna vöktun árið 2020 en í sjö málum árið 2021. Auk þessa hóf Persónuvernd þrjú frumkvæðismál vegna rafrænnar vöktunar á árinu.

## Vöktun nágranna

Flest mála hjá Persónuvernd vegna rafrænnar vöktunar árið 2021 varða vöktun nágranna, ýmist í sérbyli eða fjöleignarhúsi. Aðrar tegundir innan málaflokksins varða vöktun á vinnustað og vöktun í almenningssamgöngum.

Við rafræna vöktun nágranna vegast á hagsmunir þess sem vill verja eignarrétt sinn með vöktun í öryggis- og eignavörsluskyni á móti hagsmunum þess sem ver rétt sinn til friðhelgi einkalífs.

Í þeim málum er varða ágreining nágranna í sérbyli getur niðurstaðan verið sú að sá sem viðhefur vöktunina hefur ekki gætt nægjanlega að því að vakta eingöngu eigið yfirlit svæði. Svæðið sem er vaktað nær t.d. til yfirlit svæðis nágranna eða svæðis á almannafæri s.s. gangstétta, bílastæða eða gatna. Þá er ekki nægjanlega gætt að sjónsviði myndavéla, t.d. með því að beina þeim ekki að yfirlit svæði annarra eða með því að skerma sjónsvið myndavélarinnar þannig að það taki eingöngu til yfirlit svæðis ábyrgðaraðilans. Flestar tæknilausnir í dag bjóða notendum upp á að stýra sjónsviði myndavélarinnar, t.d. með því að taka eingöngu upp yfirlit svæðið eða nota skyggingu þegar það er ekki hægt.

## Vöktun í fjöleignarhúsum

Mál er varða rafræna vöktun í fjöleignarhúsum lúta bæði að heimild íbúa til rafrænnar vöktunar og umfangi vöktunar. Oft liggur ekki fyrir samþykki íbúa á löglega boðuðum húsfundi til að heimilt sé að setja upp eftirlitsmyndavélar í fjöleignarhúsi, í samræmi við lög nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

## Vöktun á vinnustöðum

Nokkur aukning virðist einnig vera á rafrænni vöktun á vinnustöðum og hefur fyrirspurnum varðandi slíka vöktun fjölgað hjá stofnuninni milli ára. Persónuvernd úrskurðaði í einu slíku máli árið 2021. Í því máli var Huppuís ehf. sektað fyrir að vakta svæði sem starfsmenn, sem margir voru undir lögaldri, nýttu til fataskipta. Starfsmenn höfðu ekki fengið fræðslu um vöktunina og merkingum var líka ábótavant. Í framangreindu máli endurspeglast mikilvægi þess að gæta meðalhófs í vöktun á vinnustöðum, sérstaklega þegar starfsmenn eru undir lögaldri, og að starfsmenn fái fullnægjandi fræðslu um fyrirhugaða vöktun. Reynsla Persónuverndar sýnir að ef það er gert auki það til muna traust starfsmanna til vinnustaðarins.



# ÁKVARÐANIR PERSÓNUVERNDAR 2021

## Ákvörðun um notkun Seesaw-nemendakerfisins í grunnskólum Reykjavíkur

Mál nr. 2021040879

Persónuvernd lagði fyrir Reykjavíkurborg að loka reikningum skólubarna í Seesaw-nemendakerfinu og sjá til þess að öllum persónuupplýsingum þeirra yrði eytt úr kerfinu en þó ekki áður en tekin hefðu verið afrit af upplýsingunum til að afhenda börnunum eða, eftir atvikum, til varðveislu í skólunum. Niðurstaða Persónuverndar byggðist m.a. á því að persónuupplýsingar barna njóta sérstakrar verndar í persónuverndarlöggjöfinni auk þess sem lítið var til þeirrar sérstöku stöðu sem börn eru í gagnvart skólum sínum og að óhjákvæmilegt mátti teljast að viðkvæmar persónuupplýsingar og persónuupplýsingar viðkvæms eðlis væru skráðar í Seesaw-nemendakerfið, miðað við lýsingu Reykjavíkurborgar á notkun kerfisins.

Frumkvæðisathugun Persónuverndar leiddi í ljós margvísleg brot Reykjavíkurborgar á persónuverndarlöggjöfinni með notkun kerfisins, m.a. var vinnslusamningur við Seesaw um vinnslu persónuupplýsinga í nemendakerfinu ekki í samræmi við lög, mat á áhrifum á persónuvernd sem Reykjavíkurborg framkvæmdi vegna vinnslunnar var háð verulegum ágöllum og fræðsla til foreldra og forráðamanna nemenda var ófullnægjandi auk þess sem vinnsla persónuupplýsinga skólubarna í nemendakerfinu studdist ekki við fullnægjandi vinnsluheimild. Þá var ekki gætt að meginreglum persónuverndarlöggjafarinnar um meðalhóf og lágmarkun gagna og um sanngjarna og gagnsæja vinnslu, m.a. þar sem Seesaw vann persónuupplýsingar foreldra og forráðamanna nemenda í því skyni að beina að þeim markaðssetningu. Reykjavíkurborg var jafnframt ekki talin hafa tryggt viðeigandi öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga í Seesaw-nemendakerfinu, t.d. á grundvelli vinnslusamnings við Seesaw eða með sérstökum fyrirmælum til fyrirtækisins. Loks leiddi athugun Persónuverndar í ljós að persónuupplýsingar nemenda í Seesaw-nemendakerfinu voru fluttar til Bandaríkjanna og unnar þar þrátt fyrir að Reykjavíkurborg hefði talið svo ekki vera. Fyrir lá að í Bandaríkjunum hefðu eftirlitsstofnanir víðtækar heimildir, samkvæmt lögum, til að nota persónuupplýsingar sem fluttar væru frá Evrópusambandinu til Bandaríkjanna án þess að þurfa að gæta að persónuvernd einstaklinga. Persónuvernd taldi að ákvæði í

samningi aðila hefði gefið Reykjavíkurborg tilefni til að rannsaka þetta frekar og sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir væru gerðar til að tryggja persónuvernd við flutning persónuupplýsinganna úr landi.

Ítarlegar leiðbeiningar fylgdu ákvörðuninni um að hverju sveitarfélag þurfa að huga þegar tekin eru í notkun upplýsingatæknikerfi til að vinna með persónuupplýsingar barna.

## Birting upplýsinga um hlutafjareign einstaklinga á vef RSK

Mál nr. 2021030547

Persónuvernd tók ákvörðun um lögmæti birtingar heildarhluthafalista félaga sem falla undir lög um ársreikninga á opnum vef ríkisskattstjóra. Óskaði ríkisskattstjóri eftir áliti Persónuverndar á því hvort birting þeirra styddist við fullnægjandi vinnsluheimild í skilningi persónuverndarlaga að því marki sem um birtingu persónuupplýsinga væri að ræða. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að 4. mgr. 109. gr. laga um ársreikninga væri ekki nægilega skýrt orðuð til að fela í sér fullnægjandi lagastoð fyrir vinnslunni og að birting upplýsinga um hlutafjareign einstaklinga samrýmdist því ekki persónuverndarlögum. Þá var tekið fram í ákvörðuninni að hefði ætlunin verið að veita aðgengi að upplýsingum um alla hluthafa félaga á grundvelli ákvæðisins, sem tók gildi 1. janúar 2021, hefði löggjafanum verið í lófa lagið að orða það með þeim hætti að engum vafa væri undirorpið að slík upplýsingamiðlun rúmaðist innan orðalags ákvæðisins. Var lagt fyrir ríkisskattstjóra að láta af birtingu upplýsinga um hlutafjareign einstaklinga á opinberum vef embættisins innan mánaðar frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

## Öryggi persónuupplýsinga hjá þeim hluta sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans sem staðsettur var á starfsstöð Íslenskrar erfðagreiningar

Mál nr. 2020112772

Persónuvernd lauk úttekt sinni á öryggi persónuupplýsinga hjá þeim hluta sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans sem staðsettur var á starfsstöð Íslenskrar erfðagreiningar frá ágúst 2020 til febrúar 2021. Var niðurstaða Persónuverndar annars vegar að ekkert hefði legið fyrir um að öryggi persónuupplýsinga sem unnar voru á starfsstöð ÍE hefði verið ábótavant. Hins vegar var það niðurstaða Persónuverndar að mat á áhrifum á persónuvernd hefði ekki fullnægt kröfum

persónuverndarlaga.

Úttekt Persónuverndar var hafin í tilefni af ummælum yfirlæknis á Landspítala á upplýsingafundi Almannaþingarinnar 13. ágúst 2020 um að áætlað væri að hluti starfsemi sýkla- og veirufræðideildar Landspítala flyttist í húsnæði erfðarannsóknarfyrirtækisins Íslenskrar erfðagreiningar. Þetta yrði gert til að auka afköst skimunar fyrir veirunni sem veldur COVID-19-sjúkdóminum.

Í svörum Landspítala sagði m.a. að áður en byrjað hefði verið að skima fyrir COVID-19 við landamæri Íslands hinn 15. júní 2020 hefði embætti landlæknis framkvæmt mat á áhrifum fyrirhugaðra vinnsluáðgerða á vernd persónuupplýsinga. Það mat hefði verið lagt til grundvallar þegar hluti sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans var staðsettur á starfsstöð Íslenskrar erfðagreiningar frá ágúst 2020 til febrúar 2021.

Í ákvörðun Persónuverndar var komist að þeirri niðurstöðu að sú vinnsla sem framangreint mat náði til væri ekki sambærileg vinnslu persónuupplýsinga sem um ræddi í máli þessu. Við matið var einkum litið til þess eðlismunar sem var á aðgengi starfsmanna Íslenskrar erfðagreiningar að þeim persónuupplýsingum sem unnið var með. Við landamæraskimunina sem hófst sumarið 2020 höfðu starfsmenn fyrirtækisins, samkvæmt upphaflegu fyrirkomulagi, einungis aðgang að sýnanúmerum við greiningu sýna. Þegar hluti sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans var staðsettur á starfsstöð fyrirtækisins höfðu starfsmenn þess hins vegar aðgang að höfnum þeirra einstaklinga með höfðu greinst jákvæðir í landamæraskimun í Virlab-kerfi þess. Einnig voru sýni sem tekin voru á heilsugæslum, þ.e. svokölluð einkennasýni, með kóða sem hægt var að rekja niður á einstakling í sama kerfi. Því var það niðurstaða Persónuverndar að mat það sem lagt var til grundvallar, hefði ekki uppfyllt kröfur persónuverndarlaga og að framkvæma hefði átt nýtt mat á áhrifum á persónuvernd áður en hluti sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans var fluttur á starfsstöð Íslenskrar erfðagreiningar.

Þá var það niðurstaða Persónuverndar að ekkert hefði legið fyrir um að öryggi þeirra persónuupplýsinga sem unnar voru á starfsstöð Íslenskrar erfðagreiningar hefðu ekki uppfyllt kröfur persónuverndarlaga. Var þar litið til þess að aðgangsstýring var að Virlab-kerfi-fyrirtækisins en aðgang að kerfinu höfðu einungis þrjú starfsmenn sem komu að þarfagreiningu fyrir hönnun þess, forritun á því og gerð nauðsynlegra uppfærslna.

**Ákvörðun um sekt vegna ferðagjafar stjórnvalda**  
Mál nr. 2020092288  
Persónuvernd lagði stjórnvaldssektir, annars vegar að fjárhæð 7.500.000 krónur á atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og hins vegar að

fjárhæð 4.000.000 króna á fyrirtækið YAY ehf., vegna vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við ferðagjöf stjórnvalda. Nánar tiltekið voru sektir lagðar á vegna brota gegn grundvallarreglum persónuverndarlöggjafarinnar, til dæmis um fræðsluskyldu, gagnsæi og öryggi persónuupplýsinga í smáforritinu Ferðagjöf.

Upphaf málsins mátti rekja til útgáfu ferðagjafar stjórnvalda sem hvetja átti landsmenn til ferðalaga innanlands sumarið 2020. Um var að ræða stafræn gjafabréf sem miðlað var til einstaklinga með smáforriti fyrirtækisins YAY ehf. Persónuvernd barst fjöldi ábendinga um að við notkun ferðagjafarinnar væri krafist umfangsmikilla persónuupplýsinga og víðtæks aðgangs að símtækjum notenda og var því frumkvæðisrannsókn sett af stað.

Niðurstaða Persónuverndar var sú að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, sem ábyrgðaraðili vinnslunnar, hefði brotið gegn mörgum grundvallarreglum persónuverndarlöggjafarinnar auk þess sem vinnslan hefði verið umfangsmikil. Má þar nefna að heimild skorti til vinnslu persónuupplýsinga og að þær kröfur sem gerðar eru til samþykkis fyrir vinnslu voru ekki uppfylltar. Þá var sanngirni og gagnsæis ekki gætt við vinnsluna, þar sem notendum var einungis gert að samþykkja almenna notendaskilmála fyrirtækisins YAY, í stað þess að samþykkja sérstaklega vinnslu persónuupplýsinga við skráningu í forritið. Fræðsla var jafnframt ófullnægjandi um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fór fram í reynd. Loks gerðu hvorki atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið né YAY ehf. viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja öryggi við vinnslu persónuupplýsinga, svo sem með aðlögun og mótun stillinga smáforritsins, auk þess sem ekki var gerður vinnslusamningur milli aðila svo sem lög kveða á um, en gerð slíks samnings teldist til mikilvægra skipulagslegra ráðstafana vegna vinnslu persónuupplýsinga. Þrátt fyrir ábendingar Persónuverndar um ófullnægjandi fræðslu var seint gripið til úrbóta og allt þar til verkefninu lauk var notendum gert að samþykkja ranga notendaskilmála við innskráningu í smáforritið.

Þá var, fyrir mistök YAY ehf., aflað víðtækra og ónauðsynlegra aðgangsheimilda í símtækjum notenda smáforritsins, meðal annars að viðkvæmum persónuupplýsingum, svo sem trúnaðarupplýsingum í dagatali. Hins vegar kom í ljós við rannsókn málsins að persónuupplýsingar notenda hefðu ekki verið sóttar á grundvelli fyrrgreindra aðgangsheimilda. Fyrirtækið viðurkendi að vinnslan hefði farið fram fyrir mistök og verið ónauðsynleg. Auk þess komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að fyrirtækið hefði ekki uppfyllt kröfur persónuverndarlaga um innbyggða og sjálfgefna persónuvernd

við uppsetningu smáforritsins. Þá lágu ekki fyrir gögn sem sýndu að gerðar hefðu verið úttektir eða prófanir til að meta skilvirkni og stillingar forritsins, meðal annars með tilliti til þess hvaða persónuupplýsinga væri í reynd óskað við innskráningu í smáforritið og þeirra aðgangsheimilda sem aflað væri sjálfkrafa. Var háttsemi YAY ehf. því ekki talin samræmast persónuverndarlöggjöfni hvað þessi atriði varðaði.

### **Móttaka lögreglu á upplýsingum í gegnum Facebook**

Mál nr. 2020082122

Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að vinnsla lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á persónuupplýsingum hefði ekki samrýmst lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Í tilefni af fréttaflutningi um að embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hefði óskað eftir upplýsingum og ábendingum um ætluð refsiverð brot í gegnum samfélagsmiðilinn Facebook ákvað Persónuvernd að hefja frumkvæðisathugun á því hvort slík vinnsla samrýmst lögum nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Eins og að framan greinir var það niðurstaða Persónuverndar að vinnsla lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á persónuupplýsingum, þar sem óskað var eftir upplýsingum og ábendingum frá almenningi, í gegnum einkaskilaboð á Facebook, vegna atvika sem kynnu að varða við lög og/eða vörðudu tiltekna einstaklinga sem birt var mynd af, hefði ekki samrýmst lögum nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi.

### **Vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við skimanir fyrir SARS-CoV-2-veirunni og mótefni við henni**

Mál nr. 2020061954

Persónuvernd lauk frumkvæðisathugun sinni á vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við skimanir fyrir SARS-CoV-2-veirunni og mótefnum við henni. Niðurstaða athugunarinnar var að farið hefði verið að ákvæðum persónuverndarlöggjafarinnar í meginatriðum, þar á meðal ákvæðum um fræðsluskyldu. Þó hefði þurft að veita almenningi betri upplýsingar um tilgang skimunarinnar. Einnig var vinnslusamningur sóttvarnalæknis og Landspítala ekki talinn samrýmst núgildandi löggjöf að öllu leyti og voru sóttvarnalækni því veitt fyrirhæli um að gera fullnægjandi vinnslusamning við Landspítalann.

Athugunin hófst í kjölfar fréttaflutnings í mars 2020 um að tekin hefði verið ákvörðun um að útvista skimunum á Íslandi fyrir SARS-CoV-2-veirunni sem veldur COVID-19-sjúkdóminum frá sóttvarnalækni til erfðarannsóknarfyrirtækisins Íslenskrar erfðagreiningar ehf., í samstarfi við sýkla- og veirufræðideild Landspítala. Persónuvernd hóf í kjölfarið frumkvæðisathugun á því hvort sú vinnsla

samrýmst lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Var það einkum tilefni athugunar Persónuverndar að við skimunina söfnuðust heilbrigðisgögn um þá einstaklinga sem voru skimaðir og að í upphafi lá ekki fyrir að þau yrðu nýtt í vísindarannsókn á vegum Íslenskrar erfðagreiningar. Hafði fyrirtækið lýst því afdráttarlaust yfir í fjölmiðlum að aðkoma þess að skimun fæli ekki í sér vísindarannsókn en sótti hins vegar skömmu síðar um leyfi Vísindasiðanefndar fyrir gerð slíkrar rannsóknar.

Í ákvörðun Persónuverndar var komist að þeirri niðurstöðu að sóttvarnalækni væri ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við umræddar skimanir og að í meginatriðum hefði verið farið að ákvæðum persónuverndarlöggjafarinnar. Í ákvörðuninni voru ekki gerðar athugasemdir við fræðslu sem hefði verið veitt hinum skráðum vegna skimunarinnar og var þar vísað til undantekninga persónuverndarlaga frá rétti til fræðslu vegna almannahagsmuna og lýðheilsu, svo og þess að við framkvæmd skimunarinnar hefði öllum sýnum verið eytt og upplýsingar ekki skráðar annars staðar en í lögbundna smitsjúkdómaskrá sóttvarnalæknis og sjúkraskrár hlutaðeigandi einstaklinga. Hins vegar var komist að þeirri niðurstöðu að á grundvelli hinnar almennu gagnsæiskröfu laganna hefði sóttvarnalækni þurft að gæta betur að því að upplýsa almenning um að skimun fyrir mótefnum hjá Íslenskri erfðagreiningu væri eingöngu þáttur í sóttvörnum en ekki vísindarannsóknum fyrirtækisins.

Um umrædda vinnslu giltu tveir vinnslusamningar, annars vegar milli sóttvarnalæknis og Landspítala og hins vegar milli Landspítala og Íslenskrar erfðagreiningar. Í ákvörðuninni var m.a. vísað til þess að núgildandi persónuverndarlöggjöf geri mun ítarlegri kröfur til efnis vinnslusamninga en sú sem í gildi var þegar fyrrnefndi samningurinn var gerður. Þar sem hann samrýmst því ekki að öllu leyti ákvæðum núgildandi löggjafar var lagt fyrir sóttvarnalækni að gera fullnægjandi vinnslusamning við Landspítala.

### **Öflun samþykkis COVID-19-sjúklinga fyrir notkun blóðsýna í þágu rannsóknar á vegum Íslenskrar erfðagreiningar**

Mál nr. 2020061951

Persónuvernd lauk frumkvæðisathugun sinni á öflun samþykkis COVID-19-sjúklinga á Landspítala fyrir notkun blóðsýna þeirra í þágu vísindarannsóknarinnar Faraldsfræði SARS-CoV-2-veirunnar og áhrif erfða og undirliggjandi sjúkdóma á COVID-19-sjúkdóminn sem hún veldur. Var það niðurstaða Persónuverndar að vinnsla persónuupplýsinga Landspítala og Íslenskrar erfðagreiningar í aðdraganda viðbótar við umrædda vísindarannsókn hefði ekki samrýmst persónuverndarlögum.

Athugun Persónuverndar var hafin í tilefni af ábendingum um töku blóðsýna á Landspítala samkvæmt fyrirmælum gefnum 3. apríl 2020. Samkvæmt ábendingunum var um að ræða sýni sem tekin voru úr öllum COVID-19-sjúklingum sem lágu inni eða komu á göngudeild Landspítala vegna COVID-19 á tilteknu tímabili og sem í kjölfarið voru send erfðarannsóknarfyrirtækinu Íslenskri erfðagreiningu. Einnig kom fram í ábendingunum að blóðsýnin voru send Íslenskri erfðagreiningu áður en viðbót við vísindarannsókn á vegum fyrirtækisins, þ.e. rannsóknina „Faraldsfræði SARS-CoV-2-veirunnar og áhrif erfða og undirliggjandi sjúkdóma á COVID-19-sjúkdóminn sem hún veldur“, var samþykkt., en Vísindasiðanefnd veitti leyfi fyrir viðbótinni 7. apríl 2020. Í bréfi Vísindasiðanefndar til Íslenskrar erfðagreiningar, dags. s.d., segir að nefndin hafi farið yfir erindið og setti það skilyrði að aflað verði afmarkaðs upplýsts samþykkis hjá þeim einstaklingum sem séu hæfir til að veita slíkt samþykki áður en sýna verði aflað hjá þeim í vísindaskyni.

Í svörum Íslenskrar erfðagreiningar sagði að blóðsýni hefðu verið tekin frá 3.-7. apríl 2020 úr einstaklingum með COVID-19-sjúkdóminn sem hefðu legið inni á Landspítalanum eða komið á göngudeild spítalans vegna sjúkdómsins, og hefði það verið áður en samþykki vegna rannsóknarviðbótar hefði verið undirritað. Þetta hafi verið gert í samræmi við fyrirmæli framkvæmdastjóra lækninga og um hafi verið að ræða klíniska vinnu. Starfsmenn Landspítala hefðu tekið sýnin en starfsfólk Íslenskrar erfðagreiningar hefðu annast vinnslu þeirra og skömmtnun. Mótefnaþingar voru framkvæmdar af Íslenskri erfðagreiningu og niðurstöður þeirra sendar Landspítala. Þá segir að eftir að leyfi Vísindasiðanefndar fyrir viðbótinni hafi verið veitt 7. apríl 2020 hefðu einungis sýni frá þeim COVID-19-sjúklingum, sem hefðu undirritað upplýst samþykki fyrir þátttöku, verið unnin sérstaklega, skömmtuð og flutt til fyrirtækisins.

Í svörum Landspítala sagði að yfirlæknir smitsjúkdómadeildar hefði ákveðið, m.a. vegna fyrirhugaðrar viðbótar við vísindarannsóknina Faraldsfræði SARS-CoV-2-veirunnar og áhrif erfða og undirliggjandi sjúkdóma á COVID-19-sjúkdóminn sem hún veldur, að hefja blóðsöfnunina í samstarfi við Íslenska erfðagreiningu sem ábyrgðarlæknir rannsóknarinnar og senda fyrirtækinu sýni. Taka sýna og sending þeirra hefði einnig þjónað klíniskum tilgangi en þau hefðu á endanum eingöngu verið nýtt vegna vísindarannsóknar.

Í niðurstöðu Persónuverndar var m.a. rakið að samkvæmt lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði hafi Persónuvernd eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga í slíkum rannsóknum.

Af lögnum væri ljóst að ekki væri heimilt að hefja vinnslu persónuupplýsinga í þágu vísindarannsóknna á heilbrigðissviði nema leyfi siðanefndar samkvæmt lögnum lægi fyrir, auk samþykkis hins skráða eftir því sem áskilið er í lögnum og leyfi siðanefndar. Þá sagði að í málinu hefði legið fyrir að rannsóknarviðbót sú sem um ræðir hefði verið samþykkt af Vísindasiðanefnd 7. apríl 2020 eða eftir að blóðsýni voru tekin í þágu viðbótarinnar. Með hliðsjón af því, svo og því hvernig skýringar í tengslum við blóðsýnatökuna stönguðust hverjar á við aðrar, var það niðurstaða Persónuverndar að vinnsla persónuupplýsinga Landspítala og Íslenskrar erfðagreiningar í aðdraganda viðbótar við umrædda vísindarannsókn, hefði ekki samrýmst persónuverndarlögum.

### **Ákvörðun um aðgengi hins skráða að upplýsingum um sig í Schengen-upplýsingakerfinu**

Mál nr. 2020010609

Persónuvernd tók ákvörðun í máli einstaklings sem kvartaði yfir því að hafa ekki fengið aðgang að upplýsingum um sig sem skráðar höfðu verið í Schengen-upplýsingakerfið. Forsaga málsins var sú að árið 2017 hafði kvartandi komið til Íslands og lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd. Kvartandi dró umsóknina síðar til baka og var honum í kjölfarið gert að yfirgefa landið innan sjö daga, samkvæmt ákvörðun Útlendingastofnunar. Það gerði kvartandi ekki og var því í kjölfarið fylgt úr landi af lögreglu.

Þar sem kvartandi hafði ekki yfirgefið landið innan tilskilins frests, var hann settur í tveggja ára endurkomubann til Íslands, sem skráð var í Schengen-upplýsingakerfið. Tæpum tveimur árum síðar sendi kvartandi beiðni til embættis ríkislögreglustjóra, ásamt afriti af vegabréfi, þar sem farið var fram á upplýsingar um skráningar er vörðuðu hann í Schengen-upplýsingakerfinu auk þess sem farið var fram á að slíkum upplýsingum yrði eytt. Í svari til kvartanda kom fram að umræddar upplýsingar yrðu ekki afhentar með tölvupósti, heldur væri gerð sú krafa að hinn skráði kæmi í eigin persónu á starfsstöð embættis ríkislögreglustjóra eða í næsta sendiráð Schengen-ríkis og framvísaði þar persónuskilríkjum.

Varð það niðurstaða Persónuverndar að vinnsla embættis ríkislögreglustjóra á persónuupplýsingum um kvartanda hefði samrýmst lögum nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Þó hygðist Persónuvernd rita dómsmálaráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu bréf þar sem vakin yrði athygli á þeim vanda sem einstaklingar, sem skráðir eru í Schengen-upplýsingakerfið, gætu staðið frammi fyrir þegar þeir reyndu að neyta réttinda sinna, með því að sækjast eftir upplýsingum um skráningar er varða þá sjálfa, og mælst til þess að upplýsingagjöf yrði



samræmd að því marki sem hægt væri milli þeirra aðila sem veittu hinum skráðu upplýsingar.

### **Ákvörðun vegna öryggisbrests hjá InfoMentor ehf. - sektarákvörðun**

Mál nr. 2020010355

Persónuvernd lagði stjórnvaldssekt, að fjárhæð 3.500.000 krónur, á InfoMentor ehf. vegna öryggisbrests í vefkerfinu Mentor í febrúar 2019. Vegna veikleika í kerfinu gátu tveir aðilar, einn á Íslandi og annar í Svíþjóð, nálgast kennitölur og myndir (e. avatars) samtals 424 barna án þess að hafa til þess heimild. Veikleikinn fólst í því að sex stafa kerfisnúmer nemenda voru sýnileg í vefslóð tiltekinnar síðu í Mentor-kerfinu og unnt hefði verið að nálgast þær persónuupplýsingar sem þar var að finna með því einu að breyta tölum í viðkomandi vefslóð.

InfoMentor ehf. gekkst við því að mannleg mistök hefðu orðið til þess að lagfæringu veikleikans hefði ekki verið lokið að fullu, þrátt fyrir að fyrirmæli hefðu verið gefin þar um. Þannig hefði lausn þegar verið þróuð en ekki innleidd í kerfið fyrr en eftir að fyrirtækinu varð kunnugt um öryggisbrestinn. Taldi Persónuvernd að koma hefði mátt í veg fyrir öryggisbrestinn með fullnægjandi eftirfylgni og prófunum öryggisráðstafana. Var niðurstaða Persónuverndar sú að InfoMentor ehf. hefði ekki tryggt öryggi persónuupplýsinga innan Mentor-kerfisins með þeim hætti sem áskilið er í b- og d-lið 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. einnig 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna og f-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar.

Þá taldi Persónuvernd InfoMentor ehf. ekki hafa tryggt fullnægjandi öryggi persónuupplýsinga þeirra skráðu einstaklinga sem urðu fyrir áhrifum öryggisbrestsins þegar fyrirtækið sendi kennitölur hlutaðeigandi einstaklinga í nokkrum tilvikum til rangra skóla og persónuverndarfulltrúa. Samrýmdist vinnsla InfoMentors ehf. á persónuupplýsingum viðkomandi einstaklinga að þessu leyti því ekki 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, sbr. f-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar.

Við ákvörðun stjórnvaldssektarinnar var einkum horft til fjölda þeirra skráðu einstaklinga sem öryggisbresturinn hafði áhrif á og sem hefðu getað orðið fyrir áhrifum hans með tilliti til fjölda notenda Mentor-kerfisins. Einnig hafði mikla þýðingu að um var að ræða persónuupplýsingar barna sem njóta sérstakrar verndar laga nr. 90/2018 og reglugerðarinnar. Þá taldi Persónuvernd þurfa að gera enn ríkari kröfur en ella til InfoMentors ehf. sem vinnsluaðila í ljósi þess að meginstarfsemi fyrirtækisins felst í þróun og rekstri vefkerfis sem er sérstaklega ætlað fyrir vinnslu persónuupplýsinga barna. Á hinn bóginn benti ekkert til þess að skráðir einstaklingar hefðu orðið fyrir tjóni vegna

öryggisbrestsins, auk þess sem InfoMentor ehf. lagði fram gögn sem sýndu fram á ýmsar ráðstafanir sem fyrirtækið hefði gripið til með það að markmiði að tryggja öryggi persónuupplýsinga í Mentor-kerfinu. Þótti stjórnvaldssektin því hæfilega ákveðin 3.500.000 krónur.

Í ljósi þess að öryggisbresturinn hafði áhrif á skráðan einstakling í Svíþjóð gerði Persónuvernd persónuverndarstofnunum innan Evrópska efnahagssvæðisins viðvart um málið. Taldist Persónuvernd forystueftirlitsyfirvald í skilningi formálsorða reglugerðar (ESB) 2016/679 og sænska persónuverndarstofnunin, Integritetsskyddsmyndigheten (áður Datainspektionen), hlutaðeigandi eftirlitsyfirvald. Í samræmi við 3. mgr. 60. gr. reglugerðarinnar sendi Persónuvernd sænsku persónuverndarstofnuninni drög að ákvörðuninni. Engar athugasemdir bárust og telst ákvörðunin því einnig bindandi fyrir Integritetsskyddsmyndigheten, sbr. 6. mgr. 60. gr. reglugerðarinnar. Þess má geta að hér var um að ræða fyrstu ákvörðun Persónuverndar eftir gildistöku reglugerðarinnar og laga nr. 90/2018 sem varðar vinnslu persónuupplýsinga yfir landamæri.





# ÚRSKURÐIR PERSÓNUVERNDAR 2021

## **Miðlun Vinnumálastofnunar á netfangi með fjöldapósti**

Mál nr. 2021061419

Persónuvernd barst kvörtun um að Vinnumálastofnun hefði miðlað netfangi kvartanda til óviðkomandi með fjöldapósti. Fyrir lá að miðlun netfangsins fól í sér öryggisbrest sem varð þegar netföng, sem áttu að vera í földu afriti (bcc), voru fyrir mistök sett í sýnlegt afrit (cc). Vinnslan var því ekki í samræmi við lög. Vinnumálastofnun brást við með því að upplýsa þá sem urðu fyrir öryggisbrestinum og breytti verklagi sínu til að reyna að koma í veg fyrir að sams konar öryggisbrestur yrði aftur.

## **Ekki tekin afstaða til hljóðritunar á símtali**

Mál nr. 2021040797

Persónuvernd barst kvörtun þar sem kvartað var yfir því að símtal kvartanda við tvo einstaklinga hefði verið hljóðritað án hans vitneskju. Vísað var til ódagsetts bréfs sem birt var á vefsíðu tiltekins félags þar sem gefið var í skyn að upptaka væri til af umræddu símtali. Einstaklingarnir neituðu því báðir að símtalið hefði verið tekið upp. Þar sem orð stóð gegn orði um það hvort vinnsla persónuupplýsinga hefði farið fram taldi Persónuvernd sig skorta forsendur til að taka afstöðu til þess hvort unnið hefði verið með umræddar persónuupplýsingar kvartanda á þann hátt sem greindi í kvörtuninni.

## **Rafræn vöktun nágretta**

Mál nr. 2021020423

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem nágrettar kvartanda höfðu sett upp eftirlitsmyndavél við heimili sitt. Kvartandi taldi að myndsvið myndavélarinnar næði inn í garð sinn, stofu og svefnherbergi. Við meðferð málsins kom í ljós að eftirlitsmyndavélarinnar voru tvær. Skjáskot úr myndavélunum sýndu að myndsvið þeirra náði að hluta til út fyrir lóð ábyrgðaraðila og yfir nærliggjandi hús og bílastæði. Ekki var sýnt fram á nauðsyn þess að vakta svæði utan lóðarmarkna ábyrgðaraðilanna og því komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að vöktunin hefði ekki samrýmt lögum. Voru ábyrgðaraðilum veitt fyrirhælt um að láta af allri rafrænni vöktun sem beindist út fyrir lóð við hús þeirra. Þá benti Persónuvernd á að eftir atvikum væri unnt að verða við þeim fyrirhæltum með skyggingu sjónsviðs að hluta.

## **Synjun Vinnueftirlits ríkisins á beiðni um aðgang að persónuupplýsingum**

Mál nr. 2021010211

Persónuvernd úrskurðaði í máli vegna kvörtunar yfir synjun Vinnueftirlits ríkisins á beiðni einstaklings um staðfestingu á því hvort eftirlitinu hefði borist kvörtun þar sem hann væri sakaður um einelti. Frétt um að viðkomandi hefði verið kærður vegna eineltis birtist á vefmiðli. Í málinu lá fyrir úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingamál þar sem ákvörðun Vinnueftirlitsins um að synja beiðni kvartanda um aðgang var staðfest. Auk þess lá fyrir að Umboðsmaður Alþingis hafði tekið niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar til skoðunar og þann lagagrundvöll sem hún byggðist á og lauk umboðsmaður þeirri athugun án athugasemda. Var það niðurstaða Persónuverndar að kvartandi gæti ekki átt ríkari rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt persónuverndarlögum en hann gæti átt samkvæmt stjórnsýslu- eða upplýsingalögum og var synjun Vinnueftirlitsins því talin samrýmast persónuverndarlögum.

## **Rafræn vöktun í fjöleignarhúsi**

Mál nr. 2021010073

Persónuvernd barst kvörtun þess efnis að nágrenni kvartanda hefði komið fyrir þremur eftirlitsmyndavélum við fjöleignarhús. Náði sjónsvið myndavéllanna m.a. til sameignar hússins sem og til svæðis á almannafæri. Ábyrgðaraðili sýndi ekki fram á nauðsyn vöktunarinnar og var það því niðurstaða Persónuverndar að vöktunin samrýmdist ekki lögum. Persónuvernd fór fram á að látið yrði af vöktuninni og að öllu uppteknu efni sem safnast hefði við vöktunina yrði eytt.

## **Miðlun myndbands af einkasamtali án vitneskju eða samþykkis**

Mál nr. 2021010071

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því að einkasamtal á starfsmannaskemmtun hefði verið tekið upp og miðlað til óviðkomandi, án vitundar og samþykkis þeirra sem á myndbandinu voru. Persónuvernd hafði ekki forsendur til að taka afstöðu til þess hvort persónuupplýsingarnar hefðu verið unnar á þann hátt sem kvartandi greindi frá enda stóðu þar orð gegn orði.

## **Skráning Creditinfo Lánstrausts hf. á vanskilaskrá**

Mál nr. 2020123144

Persónuvernd barst kvörtun þess efnis að kvartandi hefði verið skráður á vanskilaskrá Creditinfo

Lánstrausts hf. án þess að hafa hlotið viðeigandi fræðslu um skráninguna áður. Kvörtunin laut einnig að því að Creditinfo Lánstraust hf. hefði neitað að eyða áhrifum skráningarinnar á niðurstöður lánshæfisskýrsla. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla Creditinfo Lánstrausts hf. hefði samrýmt lögum um persónuvernd og verið í samræmi við það verklag sem lagt hefði verið upp með í starfsleyfi Persónuverndar til handa Creditinfo Lánstrausti hf.

### **Ekki tekin afstaða til kvörtunar vegna aðgangs að persónuupplýsingum - kvörtun yfir skorti á upplýsingum um áminningu vísað frá**

Mál nr. 2020123070

Persónuvernd barst kvörtun yfir afgreiðslu fyrirtækis á beiðni kvartanda, sem hafði starfað hjá fyrirtækinu, um aðgang að áminningu sem honum átti að hafa verið veitt. Auk þess var kvartað yfir því að kvartandi hefði ekki fengið upplýsingar um áminninguna fyrr en um tveimur árum eftir að hún átti að hafa verið veitt. Persónuvernd vísaði frá þeim hluta kvörtunarinnar sem laut að því að kvartanda hefði ekki verið tilkynnt um áminninguna, í ljósi þess að um álitæfni sem lyti að vinnurétti væri að ræða sem ekki félli undir gildissvið persónuverndarlaga og valdsvið stofnunarinnar. Þar sem kvartanda og fyrirtækinu bar ekki saman um það hvort kvartandi hefði sett fram munnlega beiðni um aðgang að persónuupplýsingum sínum eða ekki taldi Persónuvernd sig ekki hafa forsendur til að taka afstöðu til þess hvort brotið hefði verið gegn rétti kvartanda að þessu leyti.

### **Ætluð skoðun á Facebook reikningi starfsmanns**

Mál nr. 2020123048

Fyrrum starfsmaður fyrirtækis kvartaði yfir því að þáverandi yfirmaður hans og samstarfsfélagar hefðu skoðað persónulegan Facebook reikning hans, í fartölvu sem hann hefði haft afnot af í starfi sínu, eftir starfslok. Vísaði hann til aðgerðarskráningar af Facebook-reikningi sínum þar sem fram komu IP-tölur þeirra innskrána sem ekki tilheyrðu honum. Fyrirtækið hafnaði því að hafa skoðað eða haft aðgang að Facebook-reikningi kvartanda. Aðeins ein þeirra IP-talna sem kvartandi vísaði til tilheyrði fyrirtækinu en um væri að ræða staðarnet þess og því ekki unnt að rekja hana til ákveðins tækis eða notanda. Persónuvernd taldi að orð stæði gegn orði um það hvort sú vinnsla persónuupplýsinga sem kvartað var yfir hefði farið fram og hefði stofnunin því ekki forsendur til að taka afstöðu til umkvörtunarefnisins.

### **Öryggi við geymslu viðkvæmra persónuupplýsinga hjá grunnskóla**

Mál nr. 2020112901

Persónuvernd úrskurðaði um kvörtun yfir því hvernig öryggi væri háttað við geymslu viðkvæmra persónuupplýsinga um barn kvartanda hjá

grunnskóla (ábyrgðaraðila). Kvartað var yfir því að skólinn héldi ekki skrá yfir hverjir fengju aðgang að heilsufarsupplýsingum nemenda til lestrar eða í hvaða tilgangi. Af hálfu skólans var á því byggt að gögnin væru geymd á pappír í læstum skjalaskáp á skrifstofu deildarstjóra og eingöngu kennarar viðkomandi nemanda fengju aðgang að gögnum og þá aðeins þar inni. Af hálfu skólans var talið að verklagið væri í samræmi við upplýsingaöryggisstefnu nemendaskrár skólans, áhættumat nemendaskrár fyrir skólann og reglubók með öryggisreglum fyrir grunnskóla um nemendaskrá. Persónuvernd taldi að varðveisla grunnskólans og verklag við aðgang að umræddum gögnum uppfyllti þær öryggiskröfur sem gerðar væru til ábyrgðaraðila til að tryggja fullnægjandi öryggi persónuupplýsinga samkvæmt lögum.

### **Vinnsla persónuupplýsinga hjá Seðlabanka Íslands**

Mál nr. 2020102723

Persónuvernd úrskurðaði í máli vegna kvörtunar yfir vinnslu persónuupplýsinga hjá Seðlabanka Íslands. Laut kvörtunin að umfangi upplýsingaöflunar, eyðingu persónuupplýsinga á grundvelli laga um meðferð sakamála, varðveislu persónuupplýsinganna og loks miðlun þeirra til héraðssaksóknara. Persónuvernd vísaði frá tveimur fyrstu þáttunum með vísan til þess að dómstólar hefðu þegar tekið afstöðu til þeirra. Þá komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að varðveisla Seðlabanka Íslands á persónuupplýsingum um kvartanda hefði samrýmt persónuverndarlögum þar sem Seðlabankinn er afhendingarskyldur aðili í skilningi laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Loks var komist að þeirri niðurstöðu að miðlun persónuupplýsinga um kvartanda til héraðssaksóknara hefði samrýmt persónuverndarlögum þar sem lagaskylda hvíli á Seðlabankanum að afhenda embættinu umbeðin gögn og upplýsingar.

### **Miðlun Sjúkratrygginga Íslands á viðkvæmum persónuupplýsingum barns**

Mál nr. 2020102685

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því að Sjúkratryggingar Íslands hefðu sent bréf með viðkvæmum persónuupplýsingum barns í vefgátt óviðkomandi aðila. Fyrir lá að miðlun persónuupplýsinganna var afleiðing mistaka og hefði því ekki samrýmt lögum um persónuvernd. Persónuvernd taldi það jafnframt ámælisvert að Sjúkratryggingar Íslands hefðu ekki tryggt viðeigandi öryggi upplýsinganna. Persónuvernd hóf í kjölfarið úttekt á vinnslu persónuupplýsinga hjá Sjúkratryggingum Íslands.

### **Miðlun Magma lögmennsstofu á persónuupplýsingum**

Mál nr. 2020082238 og 2020082239

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað

var yfir að Magma lögmenn ehf. hefðu sent persónuupplýsingar um kvartanda, þ.m.t. upplýsingar um stéttarfélagsaðild hans, á almennt netfang sveitarfélags. Í úrskurðinum komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að lögmennsstofan teldist vera ábyrgðaraðili vinnslunnar. Í ljósi þess að lögmennsstofan hefði ekki sýnt fram á nauðsyn miðlunar upplýsinganna til sveitarfélagsins var niðurstaða Persónuverndar sú að hvorki hefði staðið heimild til vinnslunnar samkvæmt persónuverndarlöggjöfinni né hefði skilyrðum fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga verið fullnægt. Vinnslan hefði því ekki samrýmst persónuverndarlögum.

### **Opinber birting upplýsinga um uppsögn á vefsíðu sveitarfélags**

Mál nr. 2020082149

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því að fundargerð með upplýsingum um niðurlagningu starfs og árslauð kvartanda hefði verið gerð opinber á heimasíðu sveitarfélags sem hann starfaði fyrir. Kvartanda hafði ekki verið tilkynnt um uppsögnina áður með formlegum hætti. Þeim hluta kvörtunarinnar er laut að birtingu launanna var vísað frá þar sem ekki þótti hægt að greina þau út frá upplýsingunum sem voru birtar á síðunni. Taldi Persónuvernd hins vegar mögulegt að rekja upplýsingar um uppsögnina sem birtust á heimasíðunni til einstaklingsins, þótt hann hefði ekki verið nafngreindur, þar sem um fámennt sveitarfélag var að ræða og nöfn starfsmanna sýnileg á síðunni. Niðurstaða Persónuverndar var að ekki hefði verið farið að meginreglum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þar sem upplýsingarnar hefðu verið birtar opinberlega áður en kvartandi var upplýstur um uppsögnina.

### **Skoðun vinnuveitanda á vinalista starfsmanns á Facebook**

Mál nr. 2020061856

Starfsmaður fyrirtækis kvartaði yfir því að vinnuveitandi hans hefði notað upplýsingar um breytingar á vinalista á Facebook-reikningi hans sem hluta vinnustaðagreiningar. Kvörtuninni fylgdi lítið skjáskot úr greiningunni. Vinnuveitandinn neitaði því en staðfesti að í vinnustaðagreiningunni hefði verið vísað til vinalista kvartanda, sem rekja mætti til samantektar sérfræðings á samtölum við aðra starfsmenn. Að mati Persónuverndar lá ekki fyrir að vinnsla persónuupplýsinga hefði átt sér stað sem bryti gegn persónuverndarlögum. Persónuvernd taldi þó að almennt væri lítið svo á að vinnsla vinnuveitanda á persónuupplýsingum um starfsmenn geti talist eðlilegur þáttur í starfsemi hans. Vinnuveitandi hefði því alla jafna lögmæta hagsmuni af slíkri vinnslu, að því gefnu að meginreglum persónuverndarlaga væri fylgt.

### **Rafræn vöktun í fjöleignarhúsi**

Mál nr. 2020061849

Persónuvernd úrskurðaði í máli vegna kvörtunar yfir eftirlitsmyndavélum í fjöleignarhúsi. Kvartað var yfir að sameign og séreign kvartanda hefðu verið vaktadar án samþykkis hans og yfir að vöktunin tæki jafnframt til almennarýmis. Þá var kvartað yfir að merkingum vegna vöktunarinnar hefði verið áfátt. Kvörtuninni fylgdu myndir af eftirlitsmyndavélunum og skjáskot úr þeim. Eigendur eftirlitsmyndavélanna sögðu tilganginn hafa verið að sýna fram á að kvartandi færi ekki eftir samningi þeirra um afnot af sameign og að hundur hans gerði þarfir sínar á lóð og útidyratröppur þeirra. Persónuvernd óskaði eftir afriti af umræddum samningi ásamt staðfestingu þess að látið hefði verið af vöktuninni en fékk engin svör. Persónuvernd fjallaði einungis um vöktunina en ekki um uppsetningu búnaðarins þar sem það fellur undir kærufnefnd húsamála. Ábyrgðaraðilar sýndu ekki fram á nauðsyn vöktunarinnar en sönnunargagna um óviðunandi umgengni hefði mátt afla með vægari aðferðum sem ekki gengu jafn nærri friðhelgi einkalífs annarra. Því var það niðurstaða Persónuverndar að vöktunin samrýmst ekki lögum. Lagt var fyrir ábyrgðaraðilana að stöðva vöktunina og eyða öllu uppteknu efni.

### **Vinnsla Tryggingastofnunar ríkisins á IP-tölu**

Mál nr. 2020051731

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því að Tryggingastofnun ríkisins (TR) hefði unnið með upplýsingar um IP-tölu kvartanda án heimildar. Í kjölfarið óskaði TR eftir rannsókn Þjóðskrár Íslands á lögheimili kvartanda. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að vinnsla TR á persónuupplýsingum kvartanda hefði verið í samræmi við persónuverndarlög þar sem búseta hér á landi er skilyrði fyrir tryggingavernd og TR beri að sannreyna reglubundið réttmæti bóta. Taldi Persónuvernd TR hafa sýnt fram á með fullnægjandi hætti að umrædd beiðni til Þjóðskrár hefði verið byggð á öðrum gögnum en upplýsingum um IP-tölu. Var vinnslan því talin hafa samrýmst lögum.

### **Vinnsla persónuupplýsinga hjá Sjúkratryggingum Íslands**

Mál nr. 2020051637

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga hjá Sjúkratryggingum Íslands í tengslum við öflun Sjúkratrygginga á gögnum vegna umsóknar um endurgreiðslu erlends sjúkrakostnaðar. Í úrskurðinum var komist að þeirri niðurstöðu að vinnsla og notkun persónuupplýsinganna hefði samrýmst persónuverndarlögum.



### **Vinnsla Sjúkrahússins á Akureyri við útsendingu sjúkraskýrsla**

Mál nr. 2020051606

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því að Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) hefði sent sjúkraskrár kvartanda og barns hennar á lögheimili barnsins en ekki til hennar sjálfar. Af hálfu sjúkrahússins var viðurkennt að ekki hefði verið gætt að því að um mismunandi heimilisföng var að ræða og gögnin því send á lögheimili barnsins. Hins vegar hefðu gögnin verið send í ábyrgðarpósti og þau endursend til SAK óopnuð og því hefðu gögnin ekki komist í hendur óviðkomandi. Gögnin hefðu síðan verið send kvartanda í ábyrgðarpósti. Í ljósi viðkvæms eðlis þeirra gagna sem um ræddi taldi Persónuvernd það verulega ámælisvert að SAK hefði ekki gætt þess að gögnin væru send á rétt heimilisfang. Breytti þar engu um þótt gögnin hefðu verið send í ábyrgðarpósti og endursend ábyrgðaraðila óopnuð. Vinnslan var ekki talin hafa samrýmst persónuverndarlögum.

### **Vinnsla persónuupplýsinga hjá húsfélagi**

Mál nr. 2020051542

Persónuvernd úrskurðaði í máli er varðaði vinnslu húsfélags á persónuupplýsingum. Fólst vinnslan m.a. í myndatökum og skráningu upplýsinga um bifreiðir kvartanda, þ. á m. um það hvar og hvenær bifreiðunum var lagt. Voru upplýsingarnar afhentar kærunefnd húsamála. Persónuvernd komst að því að umrædd vinnsla hefði verið heimil. Við meðferð máls hjá kærunefnd húsamála væri eðlilegt að varpa ljósi á málavexti o.fl. og gætu sýnileg gögn og persónuupplýsingar talist nauðsynlegur þáttur í slíkum rökstuðningi. Litið var til þess að upphaf málsins hjá kærunefnd húsamála mátti rekja til kvartanda og mætti honum því vera ljóst að í skýringum gagnaðila gætu falist persónuupplýsingar um hann. Var vinnslan því talin heimil.

### **Miðlun sveitarfélags á persónuupplýsingum vegna umsóknar um húsaleigubætur**

Mál nr. 2020051540

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því að sveitarfélag hefði miðlað persónuupplýsingum um kvartanda til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar í kjölfar umsóknar hans um húsaleigubætur. Kvartandi taldi miðlunina hafa valdið honum fjárhagslegu tjóni þar sem hann hefði orðið af húsaleigubótum hennar vegna. Niðurstaða Persónuverndar var að miðlun sveitarfélagsins á persónuupplýsingum kvartanda hefði verið nauðsynleg til að afgreiða umsókn hans um húsaleigubætur. Upplýsingarnar voru sendar að frumkvæði kvartanda og taldi Persónuvernd að ekki hefði verið hægt að undanskilja þær. Því leit Persónuvernd svo á að miðlunin hefði samrýmst lögum.

### **Meðferð Stapa lífeyrissjóðs á tölvupósti kvartanda**

Mál nr. 2020041406

Persónuvernd úrskurðaði í máli vegna kvörtunar yfir meðferð Stapa lífeyrissjóðs á tölvupósthólf kvartanda. Aðgerðaskráningar náðu hins vegar ekki aftur til tímabilsins sem um ræddi svo ekki var hægt að staðfesta að vinnsla persónuupplýsinga um kvartanda hjá Stapa lífeyrissjóði hefði brotið gegn persónuverndarlögum.

### **Varðveisla persónuupplýsinga hjá opinberri stofnun**

Mál nr. 2020031337

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir varðveislunni persónuupplýsinga hjá opinberri stofnun. Í úrskurðinum var komist að þeirri niðurstöðu að stofnuninni hefði verið óheimilt að eyða þeim upplýsingum sem um ræddi á grundvelli laga um opinber skjalasöfn og að vinnsla persónuupplýsinga um kvartanda hefði verið í samræmi við persónuverndarlög.

### **Miðlun grunnskóla á persónuupplýsingum nemanda til ráðgjafarfyrirtækis**

Mál nr. 2020031243

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því að grunnskóli hefði miðlað viðkvæmum persónuupplýsingum um barn kvartanda til ráðgjafarfyrirtækis eftir að ákvörðun var tekin um að fyrirtækið kæmi ekki lengur að máli barnsins sem var til meðferðar hjá skólanum. Í úrskurðinum var komist að þeirri niðurstöðu að skólanum hefði ekki verið heimilt að halda áfram miðlun persónuupplýsinga um nemandann til sjálfstætt starfandi ráðgjafarfyrirtækis eftir að ákvörðun var tekin um að fyrirtækið kæmi ekki lengur að máli nemandans. Breytti þar engu þótt viðtakandi tölvupóstans hefði þegar verið upplýstur um málið og því ekki um nýjar upplýsingar að ræða nema að takmörkuðu leyti.

### **Afgreiðsla sveitarfélags og skóla á aðgangsbæði**

Mál nr. 2020031242

Persónuvernd úrskurðaði um afgreiðslu sveitarfélags og skóla á aðgangsbæði kvartanda, sem kvörtuðu yfir því að hafa ekki fengið öll gögn afhent sem þau töldu sig eiga rétt á. Auk þess gerðu þau athugasemdir við yfirstrikanir í þeim gögnum sem þau höfðu fengið og að gögnum hefði verið haldið eftir án þess að þau hefðu verið upplýst um það. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að sveitarfélagið og skólinn hefðu afhent kvartendum þau gögn sem þeim bar að afhenda á grundvelli umræddra aðgangsbæðna og að heimilt hefði verið að undanskilja tiltekin gögn aðgangi með vísan til réttinda og frelsis annarra. Á hinn bóginn hefði afgreiðsla aðgangsbæðnanna ekki verið í fullu samræmi við persónuverndarlöggjöfina þar sem kvartendur hefðu ekki verið upplýstir innan lögbundins



frests um að tiltekin gögn yrðu ekki afhent og um möguleikann á að leggja fram kvörtun til Persónuverndar. Auk þess fengu kvartendur ekki öll gögn afhent sem þau áttu rétt á þegar tiltekin beiðni þeirra var afgreidd og þurftu þau sjálf að eiga frumkvæði að því að frekari gögn yrðu afhent.

### **Meðferð tölvupósthólfs starfsmanns og breyting á lykilorði**

Mál nr. 2020031235

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir innbroti samtakanna X í tölvupósthólf kvartanda hjá samtökunum eftir að hann fór í veikindaleyfi og yfir því að lykilorði hans hefði verið breytt án heimildar. Einnig var kvartað yfir birtingu upplýsinga um veikindaleyfi kvartanda á vefsíðu samtakanna. Vísaði Persónuvernd þeim hluta kvörtunarinnar sem laut að meintu innbroti samtakanna X á tölvupósthólf kvartanda frá, þar sem ekki lágu fyrir gögn sem sýndu fram á að innbrotið hefði átt sér stað. Óumdeilt var hins vegar að lykilorði kvartanda hefði verið breytt og ekki var hægt að ráða af fyrirliggjandi gögnum að reynt hefði verið að hafa samband við kvartanda áður en það var gert. Taldi Persónuvernd því að ekki hefði verið gætt að sjónarmiðum um sanngirni og gagnsæi við þá vinnslu. Þá varð ekki séð að gætt hefði verið að reglum sem gilda um meðferð pósthólfs við starfslok, sbr. 9. gr. reglna nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun. Að lokum taldi Persónuvernd óumdeilt að ekki hefði staðið heimild til birtingar upplýsinga um veikindaleyfi kvartanda á vefsíðu samtakanna.

### **Notkun Creditinfo Lánstrausts hf. á upplýsingum um tengd félög við gerð skýrslna um lánshæfi skráðs einstaklings**

Mál nr. 2020031161

Persónuvernd úrskurðaði að Creditinfo Lánstrausti hf. hefði verið heimilt að notast við upplýsingar um lánshæfiseinkunn tveggja félaga við gerð skýrslna um lánshæfi einstaklings í ljósi stjórnunar- og eignartengsla hans við viðkomandi félög.

### **Vinnsla Creditinfo Lánstrausts hf. á upplýsingum um fyrri vanskil við gerð lánshæfismats**

Mál nr. 2020020909

Persónuvernd barst kvörtun yfir notkun Creditinfo Lánstrausts hf. á upplýsingum um fyrri vanskil kvartanda við gerð lánshæfismats hjá fyrirtækinu. Creditinfo taldi umrædda kröfu ekki vera eldri en fjögurra ára en sbr. ákvæði í starfsleyfi fyrirtækisins er ekki heimilt að vinna með kröfur eldri en það. Miðaði fyrirtækið við sömu dagsetningu og krafan var skráð í vanskilaskrá af kröfuhafa. Kvartandi kvaðst hafa sent Creditinfo ábendingu um að kröfuhafi hefði skráð vanskilin um tveimur árum eftir að Hæstiréttur felldi dóm sinn sem krafan var sprottin af. Taldi kvartandi að Creditinfo hefði borið að miða fjögurra ára frestinn við það tímamark er upplýsingar um umræddan dóm urðu til, þ.e.

við uppkvaðningu og birtingu hans á vefsíðu Hæstaréttar en ekki dagsetningu skráningar á vanskilaskrá.

Að framangreindu virtu úrskurðaði Persónuvernd að vinnsla Creditinfo á upplýsingum um fyrri vanskil kvartanda hefði ekki samrýmst persónuverndarlögum. Jafnframt var lagt fyrir Creditinfo að eyða upplýsingum um kröfuna úr skráum sínum.

### **Miðlun gagna vegna kvörtunar um einelti til utanaðkomandi ráðgjafa**

Mál nr. 2020010860

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem reyndi á miðlun sveitarfélags á upplýsingum um kvartanda til utanaðkomandi ráðgjafa vegna kvörtunar kvartanda um einelti á vinnustað. Taldi Persónuvernd að sveitarfélaginu hefði verið heimilt að miðla gögnum til viðkomandi ráðgjafa á grundvelli lagaskyldu. Hins vegar hefði sveitarfélagið ekki sinnt fræðsluskyldu sinni gagnvart kvartanda áður en upplýsingunum var miðlað.

### **Miðlun fyrirverandi vinnuveitanda á persónuupplýsingum með tölvupósti**

Mál nr. 2020010810 og 2020010752

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var annars vegar undan ummælum fyrirverandi vinnuveitanda kvartanda í fjölmiðlum og hins vegar undan tölvupósti hans til allra starfsmanna vinnustaðarins eftir að kvartanda var sagt upp störfum.

Persónuvernd taldi að ummælin í fjölmiðlum gætu fallið undir tjáningu einstaklings á vettvangi fjölmiðlunar og vísaði þeim þætti kvörtunarinnar frá þar sem það félli utan valdsviðs stofnunarinnar að úrskurða um mörk tjáningarfrelsis annars vegar og réttar til friðhelgi einkalífs hins vegar.

Hvað varðar þann þátt kvörtunarinnar sem laut að sendingu tölvupósts kom fram að málefni vinnustaðarins hefðu verið til umfjöllunar í fjölmiðlum ásamt því að vinnuveitandinn hefði staðið frammi fyrir niðurskurði og fleiri starfsmönnum hefði verið sagt upp á þeim tíma sem hér um ræddi. Persónuvernd taldi að fallast mætti á að vinnuveitandinn hefði þurft að bregðast við aðstæðum með upplýsingagjöf til starfsmanna þar sem hagsmunir starfsmannahóps vinnustaðarins voru taldir vega þyngra en hagsmunir kvartanda af því að hún færi ekki fram. Í því ljósi var það mat Persónuverndar að sú vinnsla persónuupplýsinga um kvartanda sem fólst í sendingu tölvupóstsins hefði samrýmst persónuverndarlögum.

## **Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og grunnskóla**

Mál nr. 2020010730

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Reykjavíkurborgar og grunnskóla. Fólst vinnsla skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar í því að afla persónuupplýsinga um kvartanda í tengslum við skráningu barns hans í grunnskóla en kvartandi stóð ekki sjálfur að skráningunni. Í kjölfarið var upplýsingunum miðlað í upplýsingakerfið Námfús sem grunnskólinn, sem barnið var skráð í, notaðist við. Grunnskólinn varðveitti þar upplýsingarnar og gerði þær að nokkru leyti aðgengilegar öðrum foreldrum sem áttu börn í sama bekk og kvartandi. Komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að hvorki skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar né grunnskólinn hefðu veitt kvartanda fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga hans í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga. Lagði Persónuvernd fyrir skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og grunnskólann að bæta úr fræðslu til skráðra einstaklinga.

## **Réttur til aðgangs að eineltisskýrslu**

Mál nr. 2020010729

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem annars vegar reyndi á rétt kvartanda til aðgangs að eineltisskýrslu sem unnin var vegna tilkynningar hans um einelti og hins vegar vegna umfjöllunar um málið í fundargerðum, fréttabréfum og í fjölmiðlum af hálfu félagsins Y og stéttarfélagsins X.

Komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að félagið Y hefði haft lögmæta hagsmuni af því að birta upplýsingar um eineltismálið í fundargerðum og fréttabréfum Y sem birt voru á vefsíðu þess. Taldi Persónuvernd hins vegar óheimilt að birta þar upplýsingar um afgreiðslu umsóknar kvartanda til sjúkrasjóðs stéttarfélagsins X.

Þá taldi Persónuvernd að Y, X og umrædd sálfræðistofa hefðu ekki gætt að aðgangsrétti kvartanda með því að neita honum alfarið um afhendingu skýrslunnar og lagði fyrir Y, sem vörsluaðila skýrslunnar, að afhenda kvartanda afrit af henni, að því gættu að allar upplýsingar um aðra einstaklinga en kvartanda yrðu áður afmáðar úr skýrslunni.

Vísaði Persónuvernd frá þeim hluta kvörtunarinnar, sem laut að umfjöllun um eineltismálið í fjölmiðlum.

## **Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu lögreglu með notkun hljóð- og myndupptökubúnaðar í lögreglubifreiðum**

Mál nr. 2020010724

Persónuvernd úrskurðaði í máli varðandi notkun hljóð- og myndupptökubúnaðar í lögreglubifreiðum hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Var annars vegar um að ræða atvik í tíð eldri

persónuverndarlaga nr. 77/2000 og hins vegar í tíð laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga þegar kvartanda var gert að setjast inn í lögreglubifreið. Í úrskurðinum var komist að því að um upplýsingarétt kvartanda og þ.a.l. fræðsluskyldu lögreglu hefði, í báðum tilvikum, farið eftir reglugerð nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu. Samkvæmt henni átti hinn skráði m.a. rétt á að fá vitneskju um hvaða upplýsingar um hann var eða hefði verið unnið með og tilgang vinnslunnar. Hvað fyrra atvikið varðaði var talið að þrátt fyrir að hljóð hefði vantað á upptökuna hefði kvartanda verið veitt sú vitneskja sem hann átti rétt á samkvæmt reglugerðinni en vísað var til skráningar í lögregluskýrslu hvað það varðaði. Hins vegar var ekki talið að lögreglan hefði lagt fram gögn sem sýndu fram á að kvartanda hefði verið veitt fræðsla um að upptaka færi fram á hljóði og mynd í síðara atvikinu, en hljóð vantaði einnig á þá upptöku. Að mati Persónuverndar var því ekki talið hægt að staðreyna hvað fór fram milli lögreglumannanna og kvartanda og var lögreglan talin þurfa að bera hallann af því að geta ekki sýnt fram á að fræðslan hefði verið veitt. Af þeirri ástæðu taldi Persónuvernd að ábyrgðarskylda lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, hefði ekki verið uppfyllt.

## **Vinnsla Creditinfo Lánstrausts hf. í tengslum við gerð skýrslna um láns hæfi**

Mál nr. 2020010708

Persónuvernd úrskurðaði um að Creditinfo Lánstrausti hf. hefði verið heimilt að notast við upplýsingar um fyrri skráningar á vanskilaskrá við gerð láns hæfismats einstaklinga með vísan til fyrri fordæma um sama álitæfni. Jafnframt úrskurðaði Persónuvernd að fyrirtækin hefði ekki borið lagaleg skylda til að líta til tekna og eigna einstaklinga við gerð skýrslna um láns hæfi þeirra. Jafnframt taldi Persónuvernd ekki hægt að verða við kröfu kvartanda um að vinnsla upplýsinga um hann hjá Creditinfo Lánstrausti hf. yrði stöðvuð og skráningu á vanskilaskrá fyrirtækisins yrði hætt.

## **Rafræn vöktun nágretta**

Mál nr. 2020010691

Persónuvernd úrskurðaði í máli vegna kvörtunar yfir tveimur eftirlitsmyndavélum nágretta kvartanda í raðhúsallengju. Kvartað var yfir því að vöktun næði til lóðar kvartanda og eins á svæði á almannafæri. Nágrennarnir (ábyrgðaraðilar) vísuðu til öryggis- og eignavörslusjónarmiða og lögðu m.a. fram tilkynningar til lögreglu um hjólaþjófnað. Skjáskot úr myndavélunum sýndu að sjónsviðið náði yfir svæði á almannafæri og yfirráðasvæði annars nágretta en ekki yfir lóð kvartanda. Persónuvernd taldi að almennt væri heimilt fyrir ábyrgðaraðila að vakta sitt yfirráðasvæði og jafnvel út fyrir það að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Ekki hefði verið sýnt fram á slíka nauðsyn til að ná fram tilgangi vöktunarinnar. Var því ekki talið að vöktunin, með

því sjónsviði sem hún tæki til, væri heimil samkvæmt persónuverndarlögum. Voru ábyrgðaraðilum veitt fyrirmæli um að láta af vöktun á almannafæri og yfirráðasvæði annarra. Þá benti Persónuvernd á að eftir atvikum væri unnt að verða við þeim fyrirmælum með skyggingu sjónsviðs að hluta.

### **Afgreiðsla Icelandair á aðgangsbæðni einstaklinga**

Mál nr. 2020010681

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem reyndi á afgreiðslu Icelandair ehf. á bæðni einstaklinga um aðgang að persónuupplýsingum þeirra sem fyrirtækið hafði til vinnslu. Komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að bæðni kvartanda hefði verið afgreidd með efnislega réttum hætti af hálfu fyrirtækisins en afgreiðslutími bæðinnar hefði ekki samrýmst lögum. Áminnti Persónuvernd fyrirtækið fyrir brotið og lagði fyrir það að afgreiða aðgangsbæðni einstaklinga eftirleiðis innan lögbundinna tímamarka og setja sér verklagsreglur um afgreiðslu slíkra bæðna.

### **Gerð skýrslna um lánshæfismat á grundvelli samþykkis, tengsl við fyrirtæki og upplýsinga- og aðgangsréttur kvartanda hjá Creditinfo Lánstrausti hf.**

Mál nr. 2020010675

Persónuvernd úrskurðaði um að Creditinfo Lánstrausti hf. hefði verið heimilt að útbúa lánshæfismat um kvartanda með notkun viðbótarupplýsinga þar sem hann hefði veitt samþykki sitt fyrir þeirri vinnslu. Þá hefði Creditinfo verið heimilt að notast við upplýsingar um tengsl kvartanda við ákveðið félag við gerð skýrslna um lánshæfi hans. Að lokum komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að Creditinfo hefði virt upplýsinga- og aðgangsrétt kvartanda.

### **Vinnsla persónuupplýsinga um búsetu einstaklings af hálfu Creditinfo Lánstrausts hf.**

Mál nr. 2020010666

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því að Creditinfo Lánstraust hf. hefði neitað að taka við upplýsingum um búsetu einstaklings, sem samsvaraði ekki lögheimilisráningu hans í þjóðskrá, og að fyrirtækið hefði synjað kvartanda um útreikning lánshæfiseinkunnar og gerð skýrslu þar að lútandi. Taldi Persónuvernd að líta yrði svo á að þjóðskrá væri ætlað að endurspeglar raunverulega búsetu einstaklinga og hefði því að geyma áreiðanlegar og uppfærðar upplýsingar. Því hefði Creditinfo Lánstraust hf. gætt að kröfu 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 við vinnsluna og að kvartandi ætti því ekki rétt á að fá upplýsingarnar leiðréttar, sbr. 1. mgr. 20. gr. laganna og 16. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Vísað var frá þeim þætti kvörtunarinnar sem laut að synjun fyrirtækisins um útreikning lánshæfiseinkunnar kvartanda og gerð skýrslu þar að lútandi, þar sem Persónuvernd taldi að líta yrði svo á að í því hefði falist að persónuupplýsingar

kvartanda hefðu ekki verið unnar þrátt fyrir kröfu hans um hið gagnstæða.

### **Uppfletting starfsmanns Landspítala í sjúkraskrá**

Mál nr. 2020010658

Starfsmaður Landspítala kvartaði til Persónuverndar yfir því að samstarfsmaður spítalans hefði flett henni upp í sjúkraskrá án heimildar. Samstarfsmaðurinn neitaði ásökuninni en sagði hugsanlegt að hún hefði skilið aðgang sinn eftir opinn í misgá og að einhver annar hefði notað aðgang hennar við að fletta kvartanda upp. Fyrir lá að upplýsingar um kvartanda voru sóttar í sjúkraskrá í umrætt sinn og við það notaður aðgangur samstarfsmannsins. Kvartandi var hvorki sjúklingur né þáði hún meðferð eða þjónustu af Landspítalanum á þessum tíma. Var því engin heimild starfsmanna fyrir uppflettingu í sjúkraskrá kvartanda. Ekki var sýnt fram á að einhver annar hefði farið inn á aðgangi samstarfsmannsins og sótt persónuupplýsingar kvartanda í sjúkraskrá. Varð samstarfsmaðurinn því að bera hallann af sönnun þess hver og með hvaða hætti óviðkomandi aðili hefði athafnað sig á opinni aðgangshæimild og innskráningu hans. Jafnframt taldist samstarfsmaðurinn ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem í því hefði falist. Komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að vinnsla samstarfsmannsins á persónuupplýsingum um kvartanda hefði ekki samrýmst persónuverndarlögum.

### **Ætluð skoðun og afritun á tölvupósthólf**

Mál nr. 2020010657

Kvartað var yfir því að starfsmaður Keilis hefði farið inn á tölvupósthólf kvartanda hjá Keili, en kvartandi var hvorki starfsmaður né nemandi Keilis. Keilir andmælti því að starfsmaðurinn hefði farið inn á tölvupósthólf kvartanda. Persónuvernd taldi orð standa gegn orði um það hvort sú vinnsla persónuupplýsinga sem kvartað var yfir hefði farið fram og því hefði stofnunin ekki forsendur til að taka afstöðu til þess hvort unnið hefði verið með persónuupplýsingar á þann hátt sem greindi í kvörtun. Þá taldi Persónuvernd ekki tilefni til að beita frekari valdheimildum, sem henni eru fengnar í lögum nr. 90/2018, til þess að rannsaka það nánar. Var ekki talið unnt að fullyrða að brotið hefði verið gegn rétti kvartanda samkvæmt persónuverndarlögum.

### **Kvörtun yfir munnlegri öflun persónuupplýsinga hjá Landspítala vísað frá**

Mál nr. 2020010655

Persónuvernd vísaði frá kvörtun starfsmanns Landspítala yfir því að yfirmaður hennar hefði aflað persónuupplýsinga um sig símleiðis hjá tveimur öðrum heilbrigðisstofnunum þar sem kvartandi starfaði. Það var niðurstaða Persónuverndar að ekki hefði verið sýnt fram á í málinu að skrá hefði verið notuð við munnlega

miðlun upplýsinganna. Því hefði einungis verið um munnlega miðlun persónuupplýsinga að ræða, sem ein og sér fellur almennt ekki undir gildissvið persónuverndarlaganna. Var málinu því vísað frá.

### **Vinnsla heilbrigðisstofnunar á persónuupplýsingum og afgangi aðgangsbeyðni**

Mál nr. 2020010654 og 2020010684  
Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem reyndi á vinnslu persónuupplýsinga og afgangsbeyðni af hálfu heilbrigðisstofnunar, en kvartandi hafði starfað hjá umræddri stofnun ásamt því að hafa þegið þar heilbrigðisþjónustu. Komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að ekki lægi fyrir að heilbrigðisstarfsmenn stofnunarinnar hefðu gert persónuupplýsingar kvartanda aðgengilegar starfsmannþjónustu hennar, líkt og kvartað hafði verið yfir. Því yrði ekki fullyrt að brotið hefði verið gegn persónuverndarlögum. Hins vegar komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að heilbrigðisstofnunin hefði ekki gætt að gagnsæiskröfu laganna. Þá var komist að þeirri niðurstöðu að heilbrigðisstofnuninni hefði verið heimilt að synja kvartanda um aðgang að umræddum minnisblöðum, vegna einkalífshagsmuna þeirra starfsmanna sem viðtölin hefðu verið tekin við. Loks gaf Persónuvernd heilbrigðisstofnuninni fyrirhæli um úrbætur á fræðslu til starfsmanna sinna um vinnslu persónuupplýsinga þeirra.

### **Réttur einstaklings til upplýsinga um uppflettingar í málaskrárkerfi ríkislögreglustjóra (LÖKE)**

Mál nr. 2020010646  
Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem reyndi á afgangsbeyðni ríkislögreglustjóra á beyðni einstaklings um upplýsingar varðandi uppflettingar í málaskrárkerfi embættisins, LÖKE, og málsmeðferðartíma beyðinnar. Komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að ríkislögreglustjóra hefði verið heimilt að synja kvartanda um upplýsingar um það hvaða starfsmenn hefðu flett upp persónuupplýsingum hans í kerfinu samkvæmt tilgreindu málsnúmeri. Hins vegar hefði embættinu borið að veita kvartanda upplýsingar um uppflettingar á persónuupplýsingum hans framkvæmdar hefðu verið samkvæmt hinu tilgreinda málsnúmeri af hálfu annarra ábyrgðaraðila. Loks taldi Persónuvernd að málsmeðferð ríkislögreglustjóra hefði samrýmst lögum.

### **Miðlun barnaverndarnefndar á persónuupplýsingum kvartanda til skóla- og frístundasviðs og eftirfarandi vinnsla þeirra**

Mál nr. 2020010642  
Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir miðlun tilkynningar kvartanda til barnaverndarnefndar ásamt persónuupplýsingum hans án vitundar hans og yfir eftirfarandi

vinnslu viðtakanda upplýsinganna. Kvartandi tilkynnti barnaverndarnefnd um óviðeigandi hegðun samstarfsmanns síns gagnvart grunnskólanemendum sem voru í umsjá þeirra beggja. Barnaverndarnefnd áframsendi málið til skóla- og frístundasviðs bæjarfélagsins ásamt persónuupplýsingum kvartanda.

Persónuvernd taldi að miðlun barnaverndarnefndar á persónuupplýsingum kvartanda hefði ekki verið í samræmi við lög, sérstaklega með tilliti til kröfu um lögmæti, sanngirni og gagnsæi. Þar sem nefndinni barst tilkynning kvartanda símleidis hefði henni, samkvæmt leiðbeiningarskyldu stjórnslulaga og sérstakri leiðbeiningarskyldu barnaverndaryfirvalda, borið að leiðbeina kvartanda um að tilkynningu hans hefði verið áfátt og að nefndin teldi að erindi hans félli ekki undir valdsvið hennar, ásamt því að leiðbeina kvartanda um hvar rétt stjórnvald væri að finna. Þá væri hvergi í barnaverndarlögum kveðið á um að upplýsa bæri vinnuveitanda um það hver hefði sent barnaverndarnefnd ábendingu um ósæmilega hegðun gagnvart börnum. Í ljósi þess að miðlun barnaverndar á persónuupplýsingum kvartanda til skóla- og frístundasviðs samrýmdist ekki lögum varð ekki séð að eftirfarandi vinnsla skóla- og frístundasviðs bæjarfélagsins á persónuupplýsingum kvartanda gæti talist lögmæt.

### **Skráning barnaverndarnefndar á persónuupplýsingum**

Mál nr. 2020010641  
Kvartað var yfir því til Persónuverndar að tilsjónarmaður, starfsmenn heimaþjónustu og eftirlitsaðili með umgengni á vegum barnaverndarnefndar hefðu skráð samtöl kvartanda við börn sín og athafnir inni á heimili hennar án hennar samþykkis. Niðurstaða Persónuverndar var sú að skráning persónuupplýsinga hefði verið í samræmi við lög. Var einkum litið til þess að skráningin hefði ekki verið umfram það sem nauðsynlegt var talið til að meta aðstæður barnanna svo að tryggja mætti velferð þeirra. Þá leit stofnunin til þess að kvartandi hefði verið frædd um hlutverk aðilanna og meðal annars skrifað undir samning um tilsjónarmann á heimili hennar þar sem hlutverk hans var tilgreint.

### **Vinnsla Creditinfo Lánstrausts hf. á skýrslum um láns hæfi**

Mál nr. 2020010634  
Persónuvernd úrskurðaði um að samþykki kvartanda við notkun Creditinfo Lánstrausts hf. á viðbótarupplýsingum við gerð skýrslna um láns hæfi kvartanda hefði uppfyllt skilyrði 10. gr. laga nr. 90/2018. Fyrirtækinu hefði því verið heimilt að gera láns hæfismat um hann. Jafnframt var komist að þeirri niðurstöðu að Creditinfo hefði



verið heimilt að nota upplýsingar um fyrndar kröfur við gerð lánshæfismats um kvartanda. Þá hefði fyrirtækinu verið heimilt að notast við upplýsingar um skuldastöðu kvartanda við gerð lánshæfismats um hann þar sem kvartandi hefði sjálfur samþykkt slíka vinnslu. Loks var komist að þeirri niðurstöðu að Creditinfo hefði virt upplýsingarétt kvartanda þegar honum voru veittar upplýsingar um lánshæfismat hans.

### **Vinnsla sveitarfélags með persónuupplýsingar í tengslum við ákvarðanir um uppsögn og ráðningu í starf**

Mál nr. 2020010633

Persónuvernd úrskurðaði í máli um vinnslu persónuupplýsinga af hálfu sveitarfélags sem fram fór í tengslum við ákvarðanir um uppsögn kvartanda úr starfi og synjun annarrar starfsumsóknar hans hjá undirstofnun sveitarfélagsins. Taldi Persónuvernd að umrædd vinnsla, þ.e. öflun og notkun upplýsinganna, hefði verið heimil á grundvelli nauðsynjar hennar í þágu stjórnvaldsákvarðana. Taldi Persónuvernd jafnframt að vinnslan hefði samrýmst meginreglum persónuverndarlöggjafarinnar. Í því sambandi var meðal annars litið til þess að sveitarfélagið hefði á fundi upplýst kvartanda um fyrirhugaða vinnslu í tengslum við uppsögn hans. Að auki hefði kvartanda mátt vera ljóst að fyrirleggjandi upplýsingar um hann kynnu að verða nýttar í annað starf sem kvartandi sótti um. Var niðurstaða Persónuverndar því sú að vinnslan hefði samrýmst persónuverndarlögum.

### **Vinnsla upplýsinga hjá Lögheimtunni og skráning Creditinfo Lánstrausts hf. á upplýsingum um umdeilda skuld á vanskilaskrá**

Mál nr. 2020010604

Persónuvernd úrskurðaði í máli sem varðaði annars vegar heimildir Lögheimtunnar til miðlunar á persónuupplýsingum til Creditinfo Lánstrausts hf. og hins vegar heimildir síðarnefnda fyrirtækisins til skráningar persónuupplýsinga sama aðila á vanskilaskrá á grundvelli dómsniðurstöðu. Í ljósi þess að um umdeilda skuld var að ræða taldi Persónuvernd að hvorugur aðili hefði haft heimild til framangreindrar vinnslu.

Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að endanleg dómsniðurstaða hefði ekki legið fyrir og því hefði skuld kvartanda verið umdeild í skilningi starfsleyfis Creditinfo Lánstrausts hf. Því hefði verið óheimilt að miðla upplýsingum til fyrirtækisins. Var niðurstaðan einkum byggð á því að kvartandi hefði andmælt skráningunni innan frests og áfrýjunarfrestur umrædds dóms var ekki liðinn. Einnig var einnig komist að þeirri niðurstöðu að Creditinfo Lánstraust hf. hefði ekki verið heimilt að skrá persónuupplýsingar kvartanda, vegna umdeildrar skuldar, á vanskilaskrá fyrirtækisins. Þá áréttaði Persónuvernd að frestdagur, hvort heldur þegar miðað væri við 14 daga frest

samkvæmt starfsleyfi Creditinfo Lánstrausts hf. eða rýmri frest sem fjárhagsstofan kysi að veita skjólstæðingum sínum, byrjaði ekki að líða fyrr en daginn eftir dagsetningu tilkynningarbréfs fyrirtækisins um fyrirhugaða skráningu á vanskilaskrá og lyki ekki fyrr en á miðnætti síðasta frestdags.

### **Höfnun grunnskóla á eyðingu aðgangs foreldris og barna að upplýsingakerfi Mentor**

Mál nr. 2020010599

Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að höfnun grunnskóla á beiðni foreldris um að gera notandaaðgang hans að upplýsingakerfi Mentor óvirkan og eyða öllum upplýsingum úr kerfinu um börn hans hefði samrýmst persónuverndarlögum.

### **Kvörtun yfir rafrænni vöktun nágranna vísað frá**

Mál nr. 2020010587

Persónuvernd barst kvörtun yfir eftirlitsmyndavél á húsi nágranna kvartanda. Kvartendur töldu líkur á að myndsvið myndavélarinnar næði inn í hús þeirra og bakgarð. Við meðferð málsins upplýstu kvartendur Persónuvernd um að fleiri eftirlitsmyndavélar hefðu verið settar á hús nágranna þeirra. Samkvæmt skjáskotum af myndsviði eftirlitsmyndavéla á húsi nágranna kvartanda náði það ekki út fyrir lóð nágrannanna. Þar sem rafræn vöktun, sem nær einvörðungu til einkalóðar viðkomandi, fellur utan gildissviðs persónuverndarlöggjafarinnar og þar með valdsviðs Persónuverndar var kvörtuninni vísað frá.

### **Rafræn vöktun hjá Strætó**

Mál nr. 2020010581

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir skorti á merkingum og fræðslu um rafræna vöktun í strætisvögnum Strætó bs. Persónuvernd fór í tvær vettvangsathuganir til að kanna hvernig merkingum og fræðslu væri háttað í strætisvögnum Strætó bs. Niðurstaða fyrri athugunarinnar var að merkingum með viðvörðunum um að fram færi rafræn vöktun væri ábótavant fyrir þá sem gengju inn um miðdyr vagnanna og að frekari fræðsla væri ófullnægjandi. Við síðari vettvangsathugun Persónuverndar, sem fór fram rúmu ári síðar, kom í ljós að úr þessu hefði verið bætt og var það niðurstaða stofnunarinnar að merkingar og fræðsla um rafræna vöktun í strætisvögnunum samrýmdist þá persónuverndarlögum.

### **Vinnsla persónuupplýsinga um heimilisföng notenda Bland.is**

Mál nr. 2020010577

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu upplýsinga um heimilisfang kvartanda hjá Wedo ehf., rekstraraðila söluvefsins Bland.is. Í svörum ábyrgðaraðila kom fram að vinnsla persónuupplýsinga færi fram á grundvelli samþykkis kvartanda, en í málinu var komist að þeirri niðurstöðu að skilyrði samþykkis hefðu ekki verið uppfyllt. Var niðurstaða



Persónuverndar súa að vinnslan hefði ekki samrýmst persónuverndarlögum og var Wedo ehf. gert að stöðva vinnslu persónuupplýsinga um heimilisföng notenda söluvefsins.

### **Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga hjá fyrrverandi vinnuveitanda**

Mál nr. 2020010563

Persónuvernd barst kvörtun yfir vinnslu persónuupplýsinga hjá fyrrverandi vinnuveitanda kvartanda. Kvörtunin var í fjórum hlutum: Kvartað var yfir óheimilli öflun upplýsinga frá fyrrverandi vinnustað kvartanda, þar sem hann hafði unnið tímabundið. Persónuvernd úrskurðaði um að vinnslan hefði ekki samrýmst lögum þar sem kvartandi var ekki nægilega upplýstur um hana og ábyrgðaraðili því ekki sinnt fræðsluskyldu sinni. Einnig var kvartað yfir miðlun upplýsinga til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Persónuvernd taldi miðlunina hafa samrýmst lögum þar sem hún var nauðsynleg til að ráðuneytið gæti sinnt yfirstjórnarhlutverki sínu. Enn fremur var kvartað yfir miðlun persónuupplýsinga til umboðsmanns Alþingis. Þeim hluta kvörtunarinnar var vísað frá þar sem Persónuvernd er ekki bær til þess að úrskurða um lögmæti upplýsingaöflunar af hálfu umboðsmanns Alþingis eða að úrskurða um lögmæti miðlunar persónuupplýsinga sem fram fer á grundvelli lögmætrar beiðni embættisins. Loks var kvartað yfir upplýsingagjöf til fyrrverandi samstarfsmanns kvartanda. Ekki lágu fyrir gögn þar að lútandi og taldi Persónuvernd því ósannað að umrædd upplýsingagjöf hefði farið fram.

### **Kvörtun yfir birtingu ljósmynda á samfélagsmiðli vísað frá**

Mál nr. 2020010552

Persónuvernd vísaði frá kvörtun yfir birtingu ljósmynda af barni á unglingsaldri á Facebook-síðu foreldris barnsins annars vegar og á Facebook-síðu lögaðila hins vegar. Í báðum tilvikum birtust myndirnar með textafærslu þar sem tilteknum viðhorfum var lýst. Taldi Persónuvernd birtingu ljósmyndanna hafa staðið í svo nánum tengslum við textafærslurnar sjálfar að líta yrði á hvort tveggja sem órjúfanlega heild. Vísaði Persónuvernd kvörtuninni frá á þeim forsendum að stofnunin væri ekki bær til þess að úrskurða um hvort viðkomandi aðilar hefðu farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns samkvæmt stjórnarskrá.

### **Huppuís ehf. sektað vegna vöktunar með eftirlitsmyndavélum í starfsmannarými**

Mál nr. 2020010545

Persónuvernd lagði stjórnvaldssekt, að fjárhæð 5.000.000 króna, á Huppuís ehf. vegna rafrænnar vöktunar í einni af fimm ísbúðum fyrirtækisins. Upphaf málsins mátti rekja til kvörtunar þáverandi starfsmanns ísbúðarinnar yfir rafrænni vöktun í rými sem starfsmenn, sem margir voru undir lögaldri, notuðu til að hafa fataskipti. Þá var

einnig kvartað yfir að merkingum um rafræna vöktun hefði verið ábótavant og að starfsmönnum ísbúðarinnar hefði ekki verið tilkynnt um vöktunina eða þeir fengið fræðslu um réttindi sín varðandi hana.

Var niðurstaða Persónuverndar súa að vinnsla persónuupplýsinga sem fólst í vöktuninni hefði ekki stuðst við fullnægjandi heimild til vinnslu samkvæmt persónuverndarlögum og að hvorki hefði verið gætt að gagnsæis- né meðalhófskröfu laganna. Þá var það niðurstaða Persónuverndar að ekki hefði verið gert glögglega viðvart um vöktun með merki, eða á annan hátt, og að fræðsluskyldu gagnvart starfsmönnum hefði ekki verið gætt. Loks var það niðurstaða Persónuverndar að Huppuís ehf. hefði brotið gegn 5. tölul. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 90/2018, sem fjallar um aðgang Persónuverndar að gögnum, á meðan rannsókn málsins stóð. Var því 5.000.000 króna stjórnvaldssekt lögð á Huppuís ehf.

Við ákvörðun sektarinnar var meðal annars litið til þess að umrædd brot voru mörg og beindust gegn einstaklingum undir lögaldri, sem nytu sérstakrar verndar samkvæmt persónuverndarlöggjöfinni. Einnig var litið til þess að atvinnurekendur bera fulla ábyrgð á því að rekstur þeirra samrýmist settum lögum og reglum á hverjum tíma og sé því skylt að tryggja viðunandi starfsumhverfi og réttindi starfsmanna sinna. Huppuís ehf. gæti því ekki borið fyrir sig vanþekkingu á lögum og reglum hvað það varðaði.

Þá var lagt fyrir Huppuís ehf. að stöðva umrædda vöktun og eyða uppteknu efni úr eftirlitsmyndavél. Enn fremur var lagt fyrir fyrirtækið að yfirfara og uppfæra verklagsreglur og fræðslu til starfsmönnum vegna vöktunarinnar til samræmis við lög nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679.

### **Uppfletting Samskipa hf. á upplýsingum um kennitölu kvartanda hjá Creditinfo Lánstrausti hf.**

Mál nr. 2020010537

Persónuvernd úrskurðaði að vinnsla Samskipa hf. á persónuupplýsingum kvartanda, sem fólst í uppflettingu og vöktun kennitölu hans í skrá Creditinfo Lánstrausts hf. hefði ekki samrýmst lögum nr. 90/2018. Var komist að þeirri niðurstöðu vegna þess að kvartandi var ekki í viðskiptum við Samskip hf. heldur dótturfélag þess, þ.e. Jónar Transport hf., og því hefði hinu fyrrnefnda félagi skort heimild til vinnslunnar.

Með vísan til framangreinds var lagt fyrir Samskip hf. að setja sér verklagsreglur um uppflettingar og vöktun kennitalna einstaklinga í skrá Creditinfo Lánstrausts hf. Þá var lagt fyrir Samskip hf. að eyða þeim upplýsingum um kvartanda sem aflað hafði verið með uppflettingum eða vöktun kennitölu hans hjá Creditinfo Lánstrausti hf.

## **Vinnsla persónuupplýsinga hjá fjármálastofnun í tengslum við reiðufjárviðskipti**

Mál nr. 2020010532

Persónuvernd úrskurðaði um vinnslu persónuupplýsinga hjá fjármálastofnun í tengslum við reiðufjárviðskipti. Kvartað var yfir beiðni fjármálastofnunarinnar um upplýsingar um uppruna fjármunanna sem óskað var úttektar á. Komist var að þeirri niðurstöðu að vinnslan væri heimil á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

## **Miðlun heilbrigðisupplýsinga frá Sjúkratryggingum Íslands**

Mál nr. 2020010431

Persónuvernd úrskurðaði í máli sem varðaði miðlun persónuupplýsinga um heilsufar barns frá Sjúkratryggingum Íslands til Tannlæknadeildar Háskóla Íslands, þar sem óskað var eftir sérfræðilíti deildarinnar á vanda barnsins. Kvörtunin laut að fyrrnefndri miðlun persónuupplýsinga, ásamt öryggisráðstöfunum Sjúkratrygginga Íslands í tengslum við miðlunina.

Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að miðlun Sjúkratrygginga Íslands hefði samrýmst persónuverndarlögum, þar sem stofnuninni var heimilt að kalla til sérfræðinga til að aðstoða stofnunina við mat á þörf á sérfræðiaðstoð sem skyldi niðurgreidd. Þá var talið að öryggisráðstafanir Sjúkratrygginga Íslands hefðu verið fullnægjandi og samrýmst kröfum persónuverndarlaga.

Litið var til þess að skylda til að fræða hinn skráða um vinnslu á ekki við ef lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar upplýsinga og var því ekki talið að Sjúkratryggingar Íslands hefðu brotið gegn persónuverndarlögum með því að upplýsa kvartanda ekki sérstaklega um miðlun upplýsinganna.

## **Miðlun persónuupplýsinga milli sveitarfélags og stéttarfélags**

Mál nr. 2020010394

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir miðlun persónuupplýsinga milli sveitarfélags og stéttarfélags kvartanda í tengslum við endurgreiðslu á kostnaði á námi sem kvartandi stundaði samhliða starfi. Í kvörtun sagði að sveitarfélagið hefði sent persónuupplýsingar um kvartanda til stéttarfélags hennar með fyrirspurn um hvort nám hennar væri styrkhæft hjá stéttarfélaginu, en með fyrirspurninni hefðu verið afrit af reikningum kvartanda vegna námskeiðanna. Í svari stéttarfélagsins kom fram að námið væri styrkhæft og að kvartandi hefði þegar fengið námið greitt að fullu úr námssjóði stéttarfélagsins, auk dagsetninga og upphæðar greiðslanna. Samkvæmt svörum ábyrgðaraðila og þeim upplýsingum sem lágu fyrir í málinu taldi Persónuvernd að ekki hefði verið heimild til

miðlunar persónuupplýsinganna og að vinnslan hefði því ekki samrýmst persónuverndarlögum.

## **Vinnsla persónuupplýsinga hjá Vodafone**

Mál nr. 2020010376

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga hjá Vodafone í tengslum við markaðssetningu. Farsímanúmer kvartanda var bæði á bannskrá Þjóðskrár Íslands og óskráð í símaskrá Já.is. Í málinu var komist að þeirri niðurstöðu að vinnsla og notkun persónuupplýsinganna hefði ekki samrýmst persónuverndarlögum.

## **Sending kynningarefnis á vinnustað starfsmanns**

Mál nr. 2020010318

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því að dagatal, merkt kvartanda, barst henni á vinnustað hennar þrátt fyrir að hún hefði verið skráð á bannskrá Þjóðskrár. Að mati Persónuverndar samrýmst vinnslan persónuverndarlögum. Var einkum litið til þess að ekki hefði verið hægt að leggja þá kröfu á fyrirtækið að það yki við þær persónuupplýsingar sem það hefði undir höndum eingöngu í þeim tilgangi að uppfylla ákvæði persónuverndarlaga. Þá leit stofnunin einnig til þess að umrætt kynningarefni hefði verið sent á starfsstöð vinnuveitanda kvartanda en ekki á heimili hennar auk þess sem einstaklingum stæði alltaf til boða að andmæla frekari vinnslu í þágu markaðssetningar.

## **Rafræn vöktun í fjöleignarhúsi af hálfu húsfélags og íbúa**

Mál nr. 2020010006

Persónuvernd úrskurðaði í máli vegna kvörtunar sem laut meðal annars að rafrænni vöktun húsfélags í sameign innandyra og með eftirlitsmyndavélum utandyra við fjöleignarhús. Jafnframt beindist kvörtunin að vöktun eins íbúa með eftirlitsmyndavél sem beint var út um glugga íbúðar viðkomandi og því að gögn, sem innihéldu persónuupplýsingar, hefðu verið sett út í glugga hjá sama íbúa. Komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að vöktun húsfélagsins samrýmst persónuverndarlöggjöfinni. Jafnframt komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að vöktun íbúans hefði samrýmst persónuverndarlöggjöfinni en vísað var frá þeim þætti málsins sem laut að birtingu persónuupplýsinga um kvartendur í glugga viðkomandi íbúa.







# ÁLIT OG UMSAGNIR PERSÓNUVERNDAR 2021

## **Álit um miðlun bólusetningar- og mótefnavottorða frá heilsugæslu til embættis ríkislögreglustjóra**

Mál nr. 2021101969

Persónuvernd veitti álit um miðlun bólusetningar- og mótefnavottorða frá heilsugæslu til embættis ríkislögreglustjóra, án samþykkis hlutaðeigandi einstaklinga, í tengslum við framkvæmd ákvarðana Útlendingastofnunar um frávísun og brottvísun frá landinu. Í álitinu var komist að þeirri niðurstöðu að lög um útlendinga hefðu ekki að geyma nægilega skýr lagaákvæði til að þau gætu vikið til hliðar lögbundinni þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna. Miðlunin væri því að óbreyttu óheimil án samþykkis þeirra einstaklinga sem í hlut ættu.

## **Álit um miðlun Útlendingastofnunar á persónuupplýsingum barns til Barnaverndar Kópavogs**

Mál nr. 2020092272

Persónuvernd veitti álit um að hvorki í lögum um útlendinga né í barnaverndarlögum væri skýr heimild til miðlunar Útlendingastofnunar á persónuupplýsingum barns sem hefði mál til meðferðar hjá stofnuninni til Barnaverndar Kópavogs. Ef barn nyti á hinn bóginn húsnæðisúrræðis hjá Útlendingastofnun og uppfyllti skilyrði barnaverndarlaga kynni umrædd miðlun að vera heimil. Ef framangreind lög leiddu til þess að stjórnvöld gætu ekki sinnt lögbundnu hlutverki sínu með fullnægjandi hætti taldi Persónuvernd að brýnt væri fyrir löggjafann að bregðast við skorti á skýrum lagaheimildum barnaverndarnefnda.

## **Ráðgjöf Persónuverndar til Creditinfo Lánstrausts hf. vegna vinnslu persónuupplýsinga um einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórn mála legra tengsla í svokölluðum PEP-gagnagrunni**

Mál nr. 2020061796

Creditinfo Lánstraust hf. óskaði eftir fyrirframsamráði við Persónuvernd, á grundvelli 30. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. einnig 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679, í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga um einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórn mála legra tengsla, eins og þeir væru skilgreindir í 6. tölul. 3. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, í svokölluðum PEP-gagnagrunni. Persónuvernd veitti Creditinfo Lánstrausti hf.

ráðgjöf vegna þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem fyrirhuguð var. Persónuvernd taldi ekki ástæðu til að ætla að vinnslan, eins og henni var lýst í erindi Creditinfo Lánstrausts hf., myndi brjóta í bága við ákvæði laga nr. 90/2018 eða reglugerðar (ESB) 2016/679. Sú afstaða væri þó háð því að fyrirtækið færi að þeim fyrirmælum sem stofnunin veitti, sem lutu meðal annars að því hvernig staðið yrði að fræðslu til hinna skráðu.

## **Álit um heimildir heilbrigðisráðuneytisins til öflunar upplýsinga frá undirstofnunum**

Mál nr. 2020010452

Persónuvernd veitti álit um heimildir heilbrigðisráðuneytisins til öflunar upplýsinga frá undirstofnunum til tölfræðiúrvinnslu. Samkvæmt álitsbeiðninni frá ráðuneytinu hugðist það afla upplýsinga úr gagnagrunnum með heilsufarsupplýsingum, þ. á m. sjúkraskrárkerfum, með breytum á borð við aldur sjúklinga í dögum, auk kennitalna þeirra sem fengið hefðu tiltekin lyf. Var í álitinu meðal annars bent á að lögum samkvæmt væri ætlast til þess að miðlægir heilbrigðisgrunnar væru haldnir hjá landlæknisembættinu og að lagaheimild þyrfti að standa til aðgangs að sjúkraskrá. Þá var tekið fram að almennar yfirstjórnunarheimildir, sem ráðuneytið vísaði til, gætu ekki talist nægilegur lagagrundvöllur fyrir umræddri upplýsingaöflun. Með vísan til þessa var komist að þeirri niðurstöðu að upplýsingaöflunin gæti ekki átt sér stað ef notast yrði við fyrrgreindar breytur og persónuauðkenni. Jafnframt var bent á ráðstafanir sem gera mætti til að ná markmiðum ráðuneytisins án öflunar persónugreinanlegra upplýsinga.

# ERLENT SAMSTARF

Árið 2021 fór erlent samstarf Persónuverndar að mestu fram með notkun fjarfundabúnaðar í ljósi þeirra takmarkana sem hafa verið í gildi vegna Covid-19.

## SAMSTARF NORRÆNNA PERSÓNUVERNDARSTOFNANA

Samstarfið féll að mestu niður vegna heimsfaraldurs af völdum Covid-19. Rétt er að taka fram að fulltrúar norrænna stofnana eiga í reglulegum upplýsingaskiptum tengdum ýmsum málum. Þá voru haldnir á árinu tveir fundir persónuverndarfulltrúa persónuverndarstofnananna á Norðurlöndunum. Fundunum er ætlað að auka upplýsingaflæði milli persónuverndarfulltrúa og stuðla þannig m.a. að betri upplýsingaskiptum og einsleitni í framkvæmd persónuverndarlaga. Fundirnir voru sóttir af persónuverndarfulltrúa Persónuverndar í gegnum fjarfundabúnað.

## EVROPSKT OG ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Starf Evrópska persónuverndarráðsins Evrópska persónuverndarráðið (EDPB) tók til starfa þann 25. maí 2018 þegar evrópska persónuverndarreglugerðin kom til framkvæmda innan ESB, í samræmi við 68. gr. hennar. Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2018 frá 6. júlí 2018 eiga EES/EFTA-löndin fulla aðild að ráðinu, án atkvæðisréttar, en afstaða þeirra skal skráð sérstaklega. Evrópska persónuverndarráðið, sem heldur fundi sína í Brussel, er skipað forstjórum og öðrum háttsettum fulltrúum persónuverndarstofnana í aðildarríkjum EES, auk fulltrúa frá framkvæmdastjórn ESB, Evrópsku persónuverndarstofnuninni (EDPS) og Eftirlitsstofnun EFTA.

Árið 2021 voru haldnir í heildina 15 fundir. Voru 14 fundir haldnir með notkun fjarfundabúnaðar en einn fór fram í Brussel. Fundirnir voru sóttir af sviðsstjóra erlends samstarfs og fræðslu. Tugir leiðbeininga, álita, tilmæla og ákvarðana voru samþykkt árið 2021 en lista yfir öll skjöl sem samþykkt voru af ráðinu má finna á vefsíðu þess og í ársskýrslu ráðsins

## ÞÁTTTAKA Í SÉRFRÆÐINGAHÓPUM EVRÓPSKA PERSÓNUVERNDARRÁÐSINS

Evrópska persónuverndarráðið starfrækir nokkra sérfræðingahópa sem fjalla um vinnslu persónuupplýsinga á afmörkuðum sviðum og önnur sameiginleg málefni persónuverndarstofnananna sem eiga aðild að ráðinu. Á vettvangi þessara sérfræðingahópa er meðal annars unnið að undirbúningi mála sem tekin eru fyrir á fundum EDPB,

svo sem leiðbeininga og álita, og önnur sameiginleg málefni rædd.

Frá gildistöku reglugerðar 2016/679 í maí 2018 hefur Persónuvernd stefnt að aukinni þátttöku í undirhópum ráðsins enda þátttaka í þeim grundvöllur allra verkefna ráðsins og grundvallaratriði í að tryggja samræmda túlkun ákvæða persónuverndarlöggjafarinnar á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá hefur aukin notkun fjarfundabúnaðar í kjölfar Covid-19-faraldursins gert stofnuninni auðveldara fyrir að taka þátt í starfi ráðsins.

Árið 2021 tók Persónuvernd þátt í starfi nokkurra hópa innan Evrópska persónuverndarráðsins og er gerð nánari grein fyrir starfi þeirra hér fyrir neðan.

## SÉRFRÆÐINGAHÓPUR EDPB UM LYKILÁKVÆÐI PERSÓNUVERNDAR-REGLUGERÐARINNAR

Á vegum Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB) voru haldnir fundir í sérfræðingahóp um lykilákvæði almennu persónuverndarreglugerðarinnar (e. Key Provisions Expert Subgroup). Verkefni hópsins lúta einkum að gerð leiðbeininga um helstu ákvæði persónuverndarreglugerðarinnar í því skyni að tryggja samræmda túlkun á Evrópska efnahagssvæðinu. Haldnir voru 12 fundir á árinu. Sviðsstjóri eftirlits hjá Persónuvernd sótti fundina í gegnum fjarfundabúnað.

## SÉRFRÆÐINGAHÓPUR EDPB UM FLUTNING PERSÓNUUPPLÝSINGA MILLI LANDA

Á vegum Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB) voru haldnir fundir í sérfræðingahóp um flutning persónuupplýsinga milli landa (e. International Transfers Expert Subgroup). Um er að ræða afgreiðslu einstakra mála s.s. bindandi fyrirtækjareglna, samræmd viðbrögð í einstaka málum, undirbúningur ákvarðana Evrópska persónuverndarráðsins og stefnumótun í málaflokknum almennt. Haldnir voru 23 fundir á árinu. Lögfræðingur hjá Persónuvernd sótti fundina í gegnum fjarfundabúnað.

## SÉRFRÆÐINGAHÓPUR EDPB UM REGLUFYLGNI, STAFRÆNA STJÓRNSÝSLU OG HEILBRIGÐISMÁL

Á vegum Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB) voru haldnir fundir í sérfræðingahóp um reglufylgni, stafræna stjórnsýslu og heilbrigðismál (e. Compliance, E-Government and Health Expert Subgroup). Um er að ræða afgreiðslu einstakra mála, s.s. vottanir vegna hátternisreglna, samræmd viðbrögð í



einstaka málum, undirbúningur ákvarðana Evrópska persónuverndarráðsins og stefnumótun í málaflokknum almennt. Meðal annars var unnið að málum tengdum bólusetningarvottorðum, kröfum þriðju landa um upplýsingar vegna Covid-faraldursins og leiðbeiningum vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði, en fulltrúar Persónuverndar höfðu beina aðkomu að þeim málum. Haldnir voru 15 fundir árið 2021. Lögfræðingur hjá Persónuvernd sótti fundina í gegnum fjarfundabúnað.

### **SÉRFRÆÐINGAHÓPUR EDPB UM UPPLÝSINGATÆKNI**

Á vegum Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB) voru haldnir fundir í sérfræðingahóp um upplýsingatækni (e. Technology Expert Subgroup). Meðal annars var unnið að málum tengdum net- og upplýsingaöryggi, vinnslu persónuupplýsinga hjá samfélagsmiðlum og upplýsingasamfélaginu almennt t.a.m. í þágu markaðssetningar. Haldnir

voru 11 fundir árið 2021. Lögfræðingur og sérfræðingur í upplýsingatækni hjá Persónuvernd sóttu fundina í gegnum fjarfundabúnað.

### **SÉRFRÆÐINGAHÓPUR EDPB UM SAMFÉLAGSMIÐLA (E. SOCIAL MEDIA EXPERT SUBGROUP)**

Sérfræðingahópur EDPB um samfélagsmiðla hélt sex fundi á árinu, þ.e. 7. febrúar, 15. maí, 8. júní, 6. júlí, 6. október og 2. desember. Fundirnir voru ýmist sóttir af sviðsstjóra eftirlits eða lögfræðingi hjá Persónuvernd. Var fjarfundabúnaður nýttur til þátttöku í öllum fundunum.

### **SAMRÁÐSHÓPUR PERSÓNUVERNDARFULLTRÚA PERSÓNUVERNDARSTOFNANA**

Á vegum Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB) voru haldnir fundir persónuverndarfulltrúa persónuverndarstofnana innan EDPB (e. EDPB Data Protection Officer Network). Fundunum

er ætlað að auka upplýsingaflæði milli persónuverndarfulltrúa og stuðla þannig m.a. að betri upplýsingaskiptum og einsleitni í framkvæmd persónuverndarlaga. Haldnir voru fjórir fundir árið 2021. Persónuverndarfulltrúi Persónuverndar sótti fundina í gegnum fjarfundabúnað.

### 101 TASKFORCE

Persónuvernd tók þátt í starfi vinnuhóps um kvartanir sem samtökin „None of Your Business“, öðru nafni „NOYB“, lögðu fram í kjölfar dóms Evrópudómstólsins í Schrems II, en hópurinn var stofnaður á fundi EDPB 2. september. Samanlagt lögðu samtökin fram 101 kvörtun hjá persónuverndarstofnunum innan EES varðandi notkun tiltekinna ábyrgðaraðila á þjónustum Google eða Facebook. Vinnuhópurinn hélt fjóra fundi á árinu, þ.e. 9. september, 2. október, 27. október og 7. desember og sótti lögfræðingur hjá Persónuvernd fundina. Fjarfundabúnaður var nýttur til þátttöku í öllum fundunum.

### SAMSTARF TENGT SCHENGEN-UPPLÝSINGAKERFINU, VIS-GAGNAGRUNNINUM OG EURODAC-FINGRAFARAKERFINU

Á vegum Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar (EDPS) voru haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu (e. Schengen Information System II Supervision Coordination Group). Í nefndinni eru fulltrúar frá persónuverndarstofnunum viðkomandi ríkja og samhæfa þeir eftirlit sitt á umræddum fundum. Árið 2021 voru fundirnir tveir. Fundirnir, sem voru fjarfundir, voru sóttir af lögfræðingi og sviðsstjóra öryggis og úttekta hjá Persónuvernd. Einnig eru á vegum EDPS haldnir fundir nefndar til samræmingar á eftirliti með VIS-gagnagrunninum (e. VIS Supervision Coordination Group). VIS stendur fyrir „Visa Information System“, en þar er um að ræða tölvukerfi með margvíslegum upplýsingum um þá sem sækja um vegabréfsáritun í einhverju aðildarríkja Schengen, þ. á m. fingraförum viðkomandi og ljósmyndum. Í nefndinni eru fulltrúar frá persónuverndarstofnunum viðkomandi ríkja. Haldnir voru tveir fundir árið 2021, sem voru fjarfundir, og voru þeir sóttir af lögfræðingi og sviðsstjóra öryggis og úttekta hjá Persónuvernd. Að auki eru á vegum EDPS haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga í Eurodac-fingrafarakerfinu (e. EURODAC Supervision Coordination Group). Í það kerfi eru skráðar upplýsingar um fingraför umsækjenda um alþjóðlega vernd, þeirra sem dvelja ólöglega í aðildarríki eða koma ólöglega yfir landamæri og er ekki vísað frá. Gagnagrunnurinn er notaður til að auðkenna viðkomandi einstaklinga í tengslum við framkvæmd Dyflinnarreglugerðarinnar sem fjallar um ákvarðanir er lúta að því hvaða aðildarríki fari með tiltekna hælisumsóknir. Haldnir voru tveir fundir árið 2021. Fundirnir, sem voru fjarfundir, voru

sóttir af lögfræðingi og sviðsstjóra öryggis og úttekta hjá Persónuvernd.

Á vegum Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB) voru haldnir fundir eftirlitsnefndar sem hefur eftirlit með meðferð persónuupplýsinga í umfangsmiklum upplýsingakerfum á vegum Evrópusambandsins (e. Coordinated Supervision Committee eða CSC). Fyrirhugað er að nefndin taki á næstu árum við eftirliti með SIS-II, VIS og EURODAC. Haldnir voru tveir fundir árið 2021. Fundirnir voru sóttir af sviðsstjóra öryggis og úttekta hjá Persónuvernd.

### 42. ALÞJÓÐARÁÐSTEFNA FORSTJÓRA PERSÓNUVERNDARSTOFNANA

42. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin í formi fjarfunda dagana 13.-15. október. Vegna anna hjá Persónuvernd var einungis unnt að fylgjast með hluta þessarar ráðstefnu.

### VINNUSTOFA STARFSMANNA PERSÓNUVERNDARSTOFNANA (E. EUROPEAN CASE HANDLING WORKSHOP)

Dagana 16.-17. nóvember 2021 sóttu nokkrir starfsmenn Persónuverndar árlega vinnustofu fyrir starfsmenn evrópskra persónuverndarstofnana. Persónuverndarstofnunin á Gíbraltar hafði umsjón með vinnustofunni að þessu sinni og var hún haldin í gegnum fjarfundabúnað. Meðal þess sem fjallað var um var afgreiðsla tilkynninga um öryggisbresti, en lögfræðingur hjá Persónuvernd hafði umsjón með þeirri umfjöllun í samvinnu við starfsmenn persónuverndarstofnunarinnar á Ítalíu. Þá var meðal annars fjallað um rannsókn og afgreiðslu kvartana, álagningu stjórnvaldssekta og flutning persónuupplýsinga til ríkja utan EES.



